# MOSFELLINGUR

Í TÚNINU HEIMA
**HÁTÍÐARBLAÐ**
Í TÚNINU HEIMA 29. ÁGÚST - 1. SEPTEMBER 2024

8. TBL. 23. ÁRG. ÞRIÐJUDAGUR 27. ÁGÚST 2024 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS

# GLEÐILEGA BÆJARHÁTÍÐ

Í túninu heima fer fram helgina 29. ágúst - 1. september



DAGSKRÁ HÁTÍÐARINNAR MÁ FINNA Í MIÐOPNU BLAÐSINS



GARÐYRKJUDEILDIN AÐ UNDIRBÚA SKREYTINGAR Í TÚNINU HEIMA

Mynd/RaggiÓla


## EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



**Stóriteigur 6** - fallegt raðhús

Fallegt og mikið endurnýjað 167,0 m2 raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. Timburverönd með heitum potti og afgirtur bakgarður í suðurátt. Hellulagt bílaplan. Góð staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ.

**V. 121,9 m.**





Fasteignasala Mosfellsbæjar

FYLGSTU MEÐ OKKUR á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

MOSFELLSBAKARÍ

ÞÚ FÆRÐ KÖKUR OG KLEINUHRINGI Í HVERFISLITUNUM HJÁ OKKUR!

MOSFELLSBAKARI.IS | HÁHOLT 13-15 | HÁALEITISBRAUT 58-60



FESTU NIÐUR TRAMPÓLÍNIÐ!



AÐEINS 2900 KR. SKRÚFAN

MEÐ TRAMPÓLÍNSKRÚFUM
Frá REDDER

Einfalt að setja niður og fara örugg inn í sumarið

redder Byggingalausnir
Hyrjarhöfða 2
Sími 558 0888
www.redder.is

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf
Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS



BÍLALEIGA Á STAÐNUM

CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

# MOSFELLINGUR

www.mosfellingur.is - mosfellingur@mosfellingur.is

**Útgefandi**: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**
Hilmar Gunnarsson, *hilmar@mosfellingur.is*

**Ritstjórn:**
Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, *annaolof@mosfellingur.is*
Ragnar Þór Ólason, *raggiola@mosfellingur.is*
Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

**Prentun:** Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.
**Umbrot og hönnun**: Mosfellingur ehf.
**Prófförk:** Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

*Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.*

**Mosfellingur kemur út mánaðarlega.**

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 19. SEPTEMBER


# Gleðilega bæjarhátíð

Bæjarhátíðin okkar Í túninu heima er að hefjast og er blaðið í dag tileinkað hátíðinni. Nú leggjum við ferðavögnunum eftir sumarið og undirbúum okkur smátt og smátt fyrir rútínu haustsins. Skólarnir að byrja og við Mosfellingar höldum hátíð með okkar fólki. Glæsilega dagskrá má finna í miðopnu blaðsins en hátíðin verður sett formlega á fimmtudaginn í Hlégarði með útnefningu bæjarlistamanns Mosfellsbæjar 2024.



Mosfellingar eru dýravinir og hér hleypur tala hesta og hunda á hundruðum. Þessir vinir okkar ættu að geta glaðst með okkur Í túninu heima því búið er að ákveða að flugeldasýning hátíðarinnar heyri sögunni til. Flugeldar tíðkast um áramót en eiga ekki heima á öðrum árstíma. Nú geta riddarar lyklaborðsins ausið úr skálum reiði sinnar en ég ætla ekki að eyða meira púðri í þessa annars fínu ákvörðun.
Sjáumst Í túninu heima!

*Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings*


ÍSFUGL
www.isfugl.is
KJÚKLINGUR KALKÚNN UM ÍSFUGL ÍSFUGLSBÆNDUR


## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...





### Í TÚNINU HEIMA

Bæjarhátíðin okkar er um helgina.
Brekkusöngurinn í Álafosskvos er búinn að festa sig rækilega í sessi eins og sést á myndinni til vinstri. Þátttakan sýnir glöggt að Mosfellingar njóta þess að synga saman!

Myndina tók Raggi Óla.
Myndin til hægri sýnir rútt staðsetninguna en hún hefur frábæra tengingu við söguna og Álafosshátíðir á árum áður.

**Umsjón:** Birgir D. Sveinsson *(birgird@simnet.is)*

## HÉÐAN OG ÞAÐAN









Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?




# Fasteignasala Mosfellsbæjar


Svanþór Einarsson
Lögg. fasteignasali


Sigurður Gunnarsson
Lögg. fasteignasali


Theodór Emil Karlsson
Lögg. fasteignasali


Steingrímur Benediktsson
Lögg. fasteignasali

## FOSSATUNGA 1-15 FALLEGT ÚTSÝNI




Ný og vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Mjög stórar svalir með fallegu útsýni. Húsin afhendast fullbúin að innan með grófjafnaðri lóð, en þó er búið að helluleggja fyrir framan inngang. **V. 129,9 m.**

## FOSSATUNGA 39



Fallegt 165,4 m2 einbýlishús á einni hæð á frábærum stað í botnlanga og í nálægð við náttúruna. Glæsileg eign sem býr yfir fjölmörgum möguleikum. Eignin hefur fengið talsverðar endurbætur.

**V. 109,0 m.**

## UGLUGATA 29



Mjög fallegt og vel skipulagt 158,5 m2 parhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Fallegar innréttingar og gólfefni. Vönduð tæki. Mikil lofthæð með innbyggðri lýsingu sem gerir eignina bjarta og skemmtilega.

**V. 133,9 m.**

## BJARGSLUNDUR 6A



Nýtt og glæsileg parhús á tveimur hæðum með bílskúr í byggingu. Eignin afhendist skv. skilalýsingu seljanda rúmlega tilbúin til innréttinga. Að auki verður sett upp svalalokun, rafmagn fullfrágengið og hljóðdúkur settur upp í loft að hluta til.

**V. 133,0 m.**

## REYKJABYGGÐ 35



Fallegt og vel skipulagt 127,7 m2 einbýlishús á einni hæð með bílskúr. Eignin stendur á fallegri 860 m2 eignarlóð með timburverönd. Stórt hellulagt bílaplan með snjóbræðslu. Húsið er vel staðsett í vinsælu og grónu hverfi í Mosfellsbæ.

**V. 114,9 m.**

## GERPLUSTRÆTI 10



Falleg og vel skipulögð 80,0 m2, 3-4 herbergja íbúð á 1. hæð með sérinngang og stæði í bílakjallara í lyftuhúsi. Eignin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, 2 svefnherbergi, baðherbergi og geymslu, sem hefur verið nýtt sem svefnherbergi.

**V. 69,9 m.**

## LITLIKRIKI 19



Glæsilegt 300,4 m2 einbýlishús á pöllum með innbyggðum bílskúr. Fallegar sérsmíðaðar innréttingar og vönduð tæki. Mikil lofthæð með hljóðdempandi plötum. Stórt hellulagt bílaplan. Fallegur garður með timburverönd í suðurátt með heitum potti.

**V. 189,0 m.**

## ÞVERHOLT 7



101,8 m2 verslunarhúsnæði á jarðhæð. Eignin er skráð 101,8 m2 og skiptist í forstofu, sal/verslun, eldhús, baðherbergi og tvö herbergi. Tveir sérinngangar sem býður upp á möguleika á að skipta eigninni upp. Frábær staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ.

**V. 54,9 m.**

## SELJADALSVEGUR 12



Nýtt og glæsilegt 124,1 m2 heilsárshús/sumarhús í útjaðri byggðar rétt við Hafravatn. Frábær staðsetning, ca 10-15 mín akstur frá höfuðborgarsvæðinu. Stórir gólfsíðir gluggar í allar áttir þar sem útsýnið fær að njóta sín.

**V 129,9 m.**

## TRÖLLATEIGUR 24



Falleg og mikið endurnýjuð 151,4 m2, 4ra herbergja íbúð á 1. hæð, ásamt bílastæði í bílakjallara í lyftuhúsi. Sérbílastæði með hleðslustöð í bílageymslu fylgir eigninni. Stórar svalir með svalalokun í suður- og vesturátt.

**V. 99,9 m.**

## SELMERKURVEGUR 6



Um 5.000 m2 eignarlóð undir sumarbústað. Heilsársbúseta er algeng á svæðinu. Aðkoma er á svæðið um símahlið. Frábær staðsetning, stutt frá bænum. Fallegt útsýni. Fjölbreyttur gróður.

**V. 30,0 m.**

## LEIRVOGSTUNGA 33



Mjög fallegt og vel skipulagt 321,8 m2 einbýlishús á tveimur hæðum og innbyggður bílskúr ásamt aukaíbúð á neðri hæð. Stór bakgarður í suður- og vesturátt. Glæsilegt útsýni er frá efri og neðri hæð hússins.

**V. 220,0 m.**

## LAXATUNGA 77



Vel skipulagt parhús á einni hæð ásamt innbyggðum bílskúr. Birt stærð eignar er 204,0 m2, þar af er íbúðarhluti 171,5 m2 og bílskúr 32,5 m2. Gólfhiti, mikil lofthæð og innfelld lýsing sem gerir eignina bjarta og skemmtilega.

**V. 123,0 m.**

Fastmos ehf. • Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080 • www.fastmos.is • Svanþór Einarsson, löggiltur fasteignasali



## Rampar í Mosfellsbæ orðnir 128 talsins

Römpum upp Ísland hefur unnið að því mikilvæga og þarfa verkefni í sumar að setja upp 42 nýja rampa við 10 opinberar stofnanir í Mosfellsbæ. Bæjarráð samþykkti í janúar síðastliðnum að halda áfram samstarfi við Römpum upp Ísland og eru ramparnir nú orðnir 128 hér í bæ. Eitt af verkefnum sumarsins var við Leirvogstunguskóla þar sem Römpum upp Ísland lagði 8 rampa til að auðvelda aðgengi inn í skólann. Auk þess gerði Mosfellsbær rampa innandyra, setti sjálfvirka opnun á útihurð, lagði snjóbræðslu og lækkaði kant að nýju bílastæði fyrir hreyfihamlaða til að bæta aðgengismál við skólann. Einnig var aðgengi bætt við eftirfarandi stofnanir: Íþróttamiðstöðina Lágafell, Brúarland, Hlégarði, Krikaskóla, Helgafellsskóla og við leikskólana Hlaðhamra, Hlíð, Hulduberg og Höfðaberg.



## Fellahringurinn haldinn í sjötta sinn

Hjóladeild Aftureldingar stendur fyrir fjallahjólamótinu Fellahringurinn á fimmtudaginn kl. 19:00. Fellahringurinn er almenningsmót þar sem hjólað er á fjallahjólum eða malarhjólum um stíga og slóða umhverfis fellin í Mosfellsbæ. Boðið er upp á tvo mögulega hringi, litla 15 km og stóra 30 km. Einnig verður flokkur fyrir rafmagnshjól. Ræst verður frá íþróttamiðstöðinni að Varmá kl. 18:00. Verðlaun veitt í aldursflokkum og vegleg útdráttarverðlaun, m.a. glæsilegt fjallahjól frá Erninum. Skráning er opin til kl. 20:00 á miðvikudag. Brautarskoðun fer fram þriðjudaginn 27. ágúst frá Varmá. Nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðu hjóladeildarinnar.



SKIPULEGGJENDUR OG KYNDILL



TÓNLEIKAR Á TORGINU

*Fjölbreytt skemmtun fyrir alla fjölskylduna • Dagskrá í miðopnu • Mosfellingar skreyta*

# Bæjarhátíðin Í túninu heima fer fram í Mosó um helgina

Bæjarhátíðin vinsæla Í túninu heima verður haldin 29. ágúst til 1. september. Dagskráin er glæsileg að vanda og teygir sig vítt og breitt, upp á fellin og inn í Mosfellsdal.

Formleg setning fer fram með hátíðardagskrá í Hlégarði á fimmtudegi. Við það tækifæri fer fram útnefning bæjarlistamanns og veittar umhverfisviðurkenningar.

Þekktir dagskrárliðir verða í boði eins og Ullarpartí og markaðsstemning í Álafosskvos, flugvéla- og fornbílasýningin á Tungubökkum, kjúklingafestival, götugrill og Pallaball.

Hápunktur hátíðarinnar er á laugardagskvöld þegar stórtónleikar fara fram á Miðbæjartorgi þar sem bæði landsþekktar hljómsveitir og heimafólk stígur á svið. Breyting verður í ár en flugeldasýning sem björgunarsveitin Kyndill hefur staðið fyrir að loknum tónleikum verður ekki á dagskrá. Erfiðara hefur reynst að finna heppilega staðsetningu síðustu ár vegna uppbyggingar í miðbænum sem byrgir sýn frá torginu. Þá hefur umræða um flugelda farið vaxandi síðustu ár með tilliti til umhverfis, manna og dýra.

### Allir taka þátt í bæjarhátíðinni

Íbúar, félagasamtök og fyritæki taka virkan þátt í hátíðinni og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Mosfellingar skreyta hús sín og garða í hverfislitunum. Sérstaða hátíðarinnar felst í heimboðum Mosfellinga í garða sína og víða verður boðið upp á metnaðarfulla dagskrá.

Gljúfrasteinn opnar dyrnar upp á gátt en safnið fagnar 20 ára afmæli í ár og því verður frítt inn bæði á laugardag og sunnudag.

Skrúðanga leggur af stað frá Miðbæjartorgi kl. 20:30 á föstudag með hestamannafélagið Hörð í broddi fylkingar. Þaðan liggur leiðin í Álafosskvos þar sem Mosfellingar sameinast í brekkusöng.

Áður en haldið er á stórtónleikana á laugardag safnast íbúar Mosfellsbæjar í götugrill í vel skreyttum götum bæjarins.

### Heilsueflandi bæjarhátíð

Mosfellsbær er heilsueflandi samfélag og þónokkrir íþróttatengdir viðburðir eru á dagskrá hátíðarinnar. Tindahlaup Mosfellsbæjar fagnar í ár 15 ára afmæli, en hlaupið er samstarfsverkefni Mosfellsbæjar, Björgunarsveitarinnar Kyndils og blakdeildar Aftureldingar. Tindahlaupið er eitt vinsælasta utanvegahlaup landsins.



TINDAHLAUP

Fellahringurinn fer fram á fimmtudagskvöldið en um er að ræða fjallahjólamót þar sem hjólað er um stíga innan Mosfellsbæjar. Tvær vegalengdir eru í boði, 15 km og 30 km. Á laugardag verður hjólagarðurinn Flækjan opnaður í Ævintýragarðinum, en Flækjan er stórskemmtileg torfæruhjólabraut.

### Hundahlaup í Mosó í fyrsta sinn

Nýjung í ár er Hundahlaupið, en þar gefst hundaáhugafólki tækifæri á að sýna sig og sjá aðra. Markmiðið með hlaupinu er að kynna öðruvísi nálgun á útivist með hundum.

Fótboltamót Aftureldingar og Gæðabaksturs fer fram á íþróttasvæðinu á Tungubökkum og knattspyrnuleikir í Lengjudeildinni fara fram á Malbikstöðinni á föstudag og laugardag.

Ævar Aðalsteinsson Mosverji býður í skemmtilega göngu á Reykjaborg þar sem stikaðar gönguleiðir Mosfellsbæjar verða kynntar.

### Markaðsstemming alla helgina

Í Álafosskvos verður fjölbreyttur útimarkaður að vanda á föstudagskvöld og á laugardegi. Á laugardegi verður jafnframt loppumarkaður í Kjarna, en þar gefst íbúum tækifæri á að selja ýmiss konar góss.

Á sunnudeginum verður sveitastemming í Álafosskvos þar sem bændur selja vörur sínar beint frá býli. Grænmeti í úrvali, rósir, nýjar kartöflur, gúrkur, tómatar og íslensk hollusta verður í boði.

### Ýmislegt í boði fyrir börnin

Margt verður um að vera fyrir börnin á bæjarhátíðinni. Blaðrarinn kemur á uppskeruhátíð sumarlesturs bókasafnsins á miðvikudag og kennir lestrarhestum að búa til blöðrudýr og í Lágafellslaug verður líf og fjör á Sundlaugargleði á fimmtudag.

Boðið verður upp á eins manns sirkussýningu og húllafjör við Hlégarð, teymt undir hestum og hoppukastali á Stekkjarflöt og opna húsið á slökkvistöðinni á Skarhólabraut er á sínum stað á sunnudag, en það slær alltaf í gegn.

**HVERFASKREYTINGAR**

Mosfellsbæ er skipt upp í fjóra hluta og hefur hver hluti sinn sérstaka lit til að skreyta með.

- Höfðar, Hlíðar, Tún og Mýrar
- Tangar, Holt og Miðbær
- Teigar, Krikar, Lönd, Ásar, Tungur og Dalur
- Reykjahverfi og Helgafellshverfi

» Útvarp Mosfellsbær sendir út á FM 105,6 og í Spilaranum. Dagskrá má finna í heild sinni í miðopnu blaðsins.

## KIRKJUSTARFIÐ




## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Lágafellssókn tekur þátt í bæjarhátíðinni Í túninu heima með tónleikum og kvöldmessu. Sjá nánar í dagskrá hátíðarinnar.

**Sunnudagur 1. september**
Kvöldmessa Í túninu heima.
Sjá nánar í dagskrá hátíðarinnar.

**Sunnudagur 8. september**
*- Upphaf barnastarfsins og safnaðarstarfsins í Lágafellssókn!*
Kl. 13: Fjölskyldumessa í Lágafellskirkju. Fjör og fræðsla í umsjá æskulýðsleiðtoga.

**Sunnudagur 15. september**
Kl. 20: Gul messa í Lágafellskirkju. Kristín Sif Björgvinsdóttir flytur hugleiðingu. Sr. Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir og Jóhanna María Eyjólfsdóttir djákni leiða stundina. Tónlist: Árni Heiðar Karlsson organisti og Marína Ósk jasssöngkona.

**Æskulýðsfélagið ósoM (8.-10. bekkur) á þriðjudögum í vetur**
Byrjar 10. september kl. 20-21:30 í safnaðarheimilinu. Öll velkomin!
Barnakór Lágafellsóknar - skráning er hafin á lagafellskirkja.is (sjá auglýsingu)
Æfingar hefjast mánudaginn 2. september í safnaðarheimilinu, Þverholti 3. Umsjón: Valgerður Jónsdóttir kórstjóri og Sylvía Þórðardóttir.
1.–3. bekkur: Kóræfingar á mánudögum kl. 16:20–17:00.
4.–7. bekkur: Kóræfingar á mánudögum kl. 17:10–18:00.

**Heilunarguðsþjónusta**
Föstudaginn 13. september kl. 20 í Lágafellskirkju í samvinnu við Heimsljós.

**lagafellskirkja.is** - Endilega fylgdu okkur á samfélagsmiðlunum

# GOÐSÖGNIN TEKUR NÆSTA SKREF

4xe
PLUG-IN HYBRID




**NÝR JEEP® WRANGLER RUBICON 4XE** — **VERÐ MEÐ ÖLLUM BÚNAÐI: 13.990.000 KR.**

## AUKIN ÞÆGINDI OG BETRI AKSTURSUPPLIFUN

Það telst til mikilla tíðinda þegar nýr Jeep® Wrangler er kynntur. Þessi vinsæli og öflugi jeppi á sér stóran hóp dyggra aðdáenda og hefur í gegnum tíðina verið einn vinsælasti jeppinn á markaðnum. 35", 37" og 40" breytingamöguleikar og fjöldi aukahluta í boði. Breytingaverkstæði ÍSBAND sérhæfir sig í breytingum á Jeep® Wrangler jeppum.




**JEEP® GRAND CHEROKEE SUMMIT RESERVE** — **FORSÖLUVERÐ: 16.990.000 KR.**

## EINSTÖK ÞÆGINDI OG KRAFTUR FYRIR ERFIÐAR AÐSTÆÐUR

Hans hefur verið beðið með eftirvæntingu og nú er hann loksins lentur. Nýr 380 hestafla Jeep® Grand Cherokee Plug-In Hybrid drífur þig á vit ævintýranna, hlaðinn lúxus-staðalbúnaði og með enn meira rými en áður í farangursrými sem rúmar auðveldlega fjögur golfsett auk farangurs.

4xe
PLUG-IN HYBRID

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 ISBAND.IS • JEEP.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • OPIÐ Á LAUGARDÖGUM 12-16 FRÁ 7. SEPTEMBER

Jeep®



## Markaðstjöld í Kvosinni alla helgina

Markaðurinn í Álafosskvosinni verður á sínum stað Í túninu heima. Opið verður föstudagskvöld kl. 19:30-22:00 og á laugardag kl. 12:00-16:00. Á föstudagskvöldinu fer fram Ullarpartí í Kvosinni með skemmtidagskrá og brekkusöng. Á laugardeginum verður fjölbreytt dagskrá á sviðinu allan daginn. Á sunnudeginum fer fram sveitamarkaður í sömu tjöldum á sama stað. Sannkölluð uppskeruhátíð þar sem bændur selja vörur sínar beint frá býli. Grænmeti í úrvali, rósir, nýjar kartöflur, gúrkur, tómatar og íslensk hollusta.

## Kjúklingafestival haldið í níunda sinn



Hjalti Úrsus býður til matarveislu ársins í Mosfellsbæ laugardaginn 31. ágúst. Kjúklingafestivalið hefur fest sig í sessi á bæjarhátíðinni og stækkar með hverju árinu. Festivalið fer fram við íþróttamiðstöðina að Varmá kl. 14-16. „Kjúklingaframleiðendur sem dagsdaglega eru í harðri samkeppni koma saman í einn dag, sameina krafta sína og kynna fyrir fólki þennan holla og góða mat,“ segir Hjalti Úrsus. „Mosfellsbær hefur alltaf verið þekktur sem kjúklingabær og stendur svo sannarlega undir nafni.“



## Heimsljós haldið í Lágafellsskóla

Heilsuhátíðin Heimsljós verður haldin í Lágafellsskóla helgina 13.-15. september. Á hátíðinni koma saman sérfræðingar á mörgum sviðum heilsutengdra mála, fræða, kynna, selja og veita innsýn í hinar ýmsu meðferðir. Markmið hátíðarinnar er að auka þekkingu og vitund á heildrænni heilsu og að þátttakendur upplifi nýja hluti, læri, deili reynslu sinni og njóti samveru. Í boði verða 12 fyrirlestrar þar sem mikill fróðleikur flæðir fram. Góður matur og kaffiveitingar í borðsalnum og svo síðast en ekki síst dásamleg samvera með góðu fólki. „Við höldum ótrauð áfram með vaxandi áhuga og góðum undirtektum fólks að halda þennan viðburð hér í Mosfellsbæ,“ segir Vigdís Steinþórsdóttir umsjónarmaður hátíðarinnar. „Mikil ásókn er í hátíðina í ár og aldrei verið fleiri kynningarborð og meðferðartímar svo allir ættu að finna eitthvað við hæfi. Ég hlakka mikið til að að sjá ykkur.“

*Ný sjálfvirk þvottastöð N1 • Húsnæðið allt tekið nýlega í gegn • Opið alla daga*

# Mosfellingar taka bílaþvottastöð í Háholti fagnandi

Eftir nokkurra ára hlé opnaði N1 aftur þvottastöð í Háholti í Mosfellsbæ og Guðbergur Björnsson, þjónustustjóri þvottastöðva hjá N1, þakkar góðar viðtökur.

„Við erum að fá rosalega góðar móttökur í Mosfellsbæ. Það er frábært hvað hefur verið mikið að gera.“




GUÐBERGUR VIÐ NÝJU ÞVOTTASTÖÐINA Í MOSÓ

### Þvottastöðvar og -básar á sjö stöðvum

N1 hefur einnig opnað þvottastöð á Gagnvegi í Grafarvogi og á næstu vikum verða opnaðar sjálfvirkar stöðvar hjá N1 í Stórahjalla í Kópavogi, Lækjargötu í Hafnarfirði, í Keflavík og á Akureyri, og í Holtagörðum verða þvottabásar. Eins er N1 í Mosfellsbæ eini staðurinn þar sem eru bæði básar og sjálfvirk þvottavél.

„Við höfum lagt mikinn metnað í stöðvarnar. Húsnæðið var allt nýlega tekið í gegn. Vélarnar eru nýjar, bæði í þvottavélum og -básum, og við reynum að standa eins vel að þessu og hægt er – eins og N1 er von og vísa, allt snyrtilegt og fínt,“ segir Guðbergur. Hann hvetur fólk til að prófa nýju stöðvarnar.

### Vandaðar finnskar vélar

Í sjálfvirku þvottastöðvunum er hægt að velja burstaþvott eða snertilausan þvott, með eða án tjöruhreinsis. Verðið fer eftir því hvers konar þvottur er valinn og er á bilinu 3.090–3.690 kr.

Síðan er ekið inn í þvottastöðina og beðið í bílnum á meðan þvottavélin þvær. „Þetta er finnsk smíði og mjög vandaðar vélar sem hafa verið notaðar lengi á Norðurlöndunum,“ útskýrir Guðbergur. Þvottaefnin eru einnig mjög vönduð og koma frá sama framleiðanda. Flest efnin eru Svansvottuð.

Eftir þvottinn er tilvalið að fá sér kaffi, nasl eða eitthvað ferskt og fljótt hjá Nesti. Þvottastöðvarnar eru ómannaðar og opnar alla daga frá 8 til 24. „Ef eitthvað kemur upp á er vegaaðstoðin okkar til taks,“ segir Guðbergur.

*Nýtt 90 þúsund fermetra atvinnuhverfi • Á mörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar*

# Uppbygging að hefjast í nýju atvinnuhverfi í Korputúni

Uppbygging í Korputúni, nýju atvinnuhverfi sem rísa mun á mörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar, er nú að hefjast en svæðið er alls um 15 hektarar eða hátt á stærð við verslunarsvæði Skeifunnar í Reykjavík.

Hverfið verður fyrsta BREEAM Communities vistvottaða atvinnuhverfið á Íslandi og í næsta nágrenni við Blikastaðaland í Mosfellsbæ þar sem umfangsmikil uppbygging nýs íbúahverfis er fyrirhuguð.

Korputún er hluti af mikilli uppbyggingu sem fram undan er í norðurhluta höfuðborgarsvæðisins.

Hverfið er skipulagt út frá þörfum fólks og náttúrunnar en ekki síður út frá hefðbundnum þáttum s.s. aðgengi, vöruflutningum og sýnileika.



*Jóhanna B. Hansen sviðsstjóri Umhverfissviðs Mosfellsbæjar, Birgir Þór Birgisson framkvæmdastjóri þróunar hjá Reitum, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Guðni Aðalsteinsson forstjóri Reita, Ingveldur Ásta Björnsdóttir framkvæmdastjóri viðskipta hjá Reitum og Katrín Dóra Þorsteinsdóttir starfandi deildarstjóri Eignasjóðs Mosfellsbæjar*

### Þegar samið við tvö stór fyrirtæki

Vegagerð er hafin í hverfinu og reiknað er með að uppbygging geti hafist á næstu misserum. Í Korputúni geta fyrirtæki keypt lóðir eða fengið klæðskerasniðið atvinnuhúsnæði til leigu. Svæðið er einstaklega aðgengilegt við Vesturlandsveg og staðsetning þess innan höfuðborgarsvæðisins nýtir vegrými í gagnstæða átt við umferðarþunga á annatímum. Samgönguás Borgarlínu mun liggja í gegnum skipulagssvæðið.

Reitir hafa samið við tvö stór fyrirtæki um húsnæði á svæðinu. Annars vegar er um að ræða sölu lóða með um 17 þúsund fermetra byggingamagni. Hins vegar er um að ræða matvöruverslun sem verður kjölfesta í verslunarkjarna svæðisins auk þess að koma til með að þjóna íbúum í nýju aðliggjandi hverfi sem er í þróun í Blikastaðalandi.

### Styrkir samfélagið í Mosfellsbæ

„Ég fagna því að við séum að hefja uppbygginguna á þessu nýja atvinnusvæði í Mosfellsbæ. Það styrkir samfélagið hér að fá ný fyrirtæki á svæðið bæði hvað varðar þjónustu við íbúa en ekki síst að fjölga atvinnutækifærum,“ segir Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

„Við eigum í mjög góðu samstarfi við Reiti um þróun atvinnusvæðisins og höfum væntingar um að fá hingað öflug og fjölbreytt fyrirtæki.“

### Býður upp á mikil tækifæri

Guðni Aðalsteinsson forstjóri Reita tekur í sama streng. „Nýja atvinnuhverfið í Korputúni er gífurlega vel staðsett og býður upp á mikil tækifæri. Höfuðborgarsvæðið er í mikilli þróun, ekki síst í norður- og austurhluta þar sem m.a. mun rísa byggð í Blikastaðalandinu og svo Keldnaholti þegar fram líða stundir.

Korputún mun leika mikilvægt hlutverk í þessari uppbyggingu með blómlegu atvinnulífi í nýju og vönduðu hverfi. Náttúrufegurðin og náttúrugæðin á svæðinu styðja vel við hugmyndafræðina að baki hönnun svæðisins, þ.e. hugmyndafræði náttúruverndar og vellíðan starfsfólks.

Neðst í landinu, nálægt Korpu, er fallegt svæði með miklu dýralífi sem mikilvægt er að vernda. Við skipulag hverfisins var því lögð mikil áhersla á að lágmarka rask á vatnsmagni sem rennur í Korpu og unnin var vönduð viststefna fyrir hverfið. Niðurstaðan er skipulagsskilmálar sem gera kröfu um mikinn gróður og vistfræðilega viðeigandi gróðurval. Með þessu viljum við bæði skapa heilsusamlegt umhverfi og vernda náttúruna á svæðinu.“

# Í TÚNINU HEIMA

Páll Óskar

Patr!k

Húbba Búbba





Gildran

GDRN



Kynnir: Gústi Bé



Hr. Eydís ásamt Ernu Hrönn

Í túninu heima

## Stórtónleikar á Miðbæjartorginu á laugardaginn

## 31. ágúst kl. 21-23

Dagskrá hátíðarinnar í miðopnu blaðsins og á www.mos.is

Mosfellsbær
ISBAND
VGH Mosfellsbæ
nettó
KFC
ÍSTAK
B.Ó. SMIÐIR



## Ráðin framkvæmdastjóri Lágafellssóknar

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir var nýlega ráðin framkvæmdastjóri Lágafellssóknar, en hún var valin úr hópi 23 umsækjenda. Sem framkvæmdastjóri mun hún koma til með að bera ábyrgð á rekstri sóknarinnar, mannauðsmálum, umsjón með kirkjugörðum, fasteignum og sitja sóknarnefndarfundi. Jóhanna Ýr hóf störf í byrjun ágúst. Hún er með B.A. í guðfræði, diploma próf í kennslufræðum ásamt því að hafa lokið námi í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun frá EHÍ. Jóhanna Ýr hefur áður unnið við kennslu í Grunnskólanum í Hveragerði og Sunnulækjarskóla á Selfossi, var verkefnastjóri fræðslustarfs við Selfosskirkju, framkvæmdastjóri Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar og skrifstofustjóri hjá Framsókn. Þá er Jóhanna Ýr bæjarfulltrúi Framsóknar í Hveragerði og fyrrum forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs. Jóhanna Ýr býr í Hveragerði ásamt sambýlismanni sínum Ara Guðmundssyni og samtals eiga þau sex börn. Jóhanna Ýr segist vera afar spennt fyrir nýja starfinu, hlakkar til að vinna með samstarfsfólki og sóknarnefnd að þjónustu og frekari uppbyggingu sóknarinnar.

*Ríkið og sex sveitarfélög • Almenningssamgöngur stórefldar með stuðningi ríkisins*

# Gera samkomulag um uppfærðan samgöngusáttmála

Styttri ferðatími, minni tafir, aukið umferðaröryggi, áhersla á að draga úr kolefnisspori, stórbættar almenningssamgöngur, fjölgun hjóla- og göngustíga og uppbygging stofnvega eru kjarninn í uppfærðum samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sem undirritaður var á dögunum.

Sáttmálinn felur í sér sameiginlega sýn fyrir allt höfuðborgarsvæðið, þar sem lögð verður höfuðáhersla á skilvirka og hagkvæma uppbyggingu samgönguinnviða. Markmiðið er að samgöngur á höfuðborgarsvæðinu verði í fremstu röð þannig að svæðið og Ísland allt sé samkeppnishæft um bæði fólk og fyrirtæki.

**Sameiginlegt félag stofnað um skipulag og rekstur**

Ríkið og sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes, hafa gert samkomulag um uppfærðan sáttmála sem felur í sér uppbyggingu á samgönguinnviðum og almenningssamgöngum á svæðinu til ársins 2040.

Á sama tíma var undirritað samkomulag um samvinnu um rekstur og stjórnskipulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Markmiðið er að efla almenningssamgöngur, m.a. með auknum stuðningi ríkisins, en sameiginlegt félag verður stofnað um skipulag og rekstur.

**Borgarlínu flýtt í Keldnaland og þaðan í Háholt**

„Þessi uppfærði samningur er mikið gleðiefni, ekki síst að ríkið komi að rekstri almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu en það var sterk krafa okkar sveitarfélaganna,“ segir Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar og formaður samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

„Það er mjög ánægjulegt að Borgarlínu verði flýtt í Keldnaland og þaðan í Háholtið í Mosfellsbæ en það helgast meðal annars af mikilvægi þess að fara af stað í uppbyggingu á Keldnalandi þar sem sala lóða þar skapar tekjur fyrir verkefnið. Sundabraut mun einnig skipta miklu máli fyrir umferðina á Vesturlandsvegi en fjármögnun hennar er utan við sjálfan sáttmálann.“

**Heildarfjárfesting til ársins 2040 er áætluð 311 ma. kr.**

Allar lykilframkvæmdir eru þær sömu og áður í samgöngusáttmálanum en breytingar eru gerðar á einstökum verkefnum.



REGÍNA BÆJARSTJÓRI MOSFELLSBÆJAR FYRIR MIÐJU

Heildarfjárfesting á fyrsta tímabili í uppfærðum samgöngusáttmála, til ársins 2029, er að jafnaði rúmlega 14 ma. kr. á ári. Það samsvarar þriðjungi af árlegum samgöngufjárfestingum á fjárlögum. Á tímabilinu 2030-2040 er heildarfjárfesting að jafnaði 19 ma. kr. á ári. Heildarfjárfesting til ársins 2040 er áætluð 311 ma. kr.

Verkefni samgöngusáttmálans skiptast í fjóra meginflokka sem eru: Stofnvegir, Borgarlína og strætóleiðir, göngu- og hjólastígar og verkefni tengd umferðarstýringu, flæði og öryggi.

Skipting fjármögnunar milli ríkis og sveitarfélag verður hin sama og áður, þ.e. sveitarfélög með 12,5% og ríkið 87,5%.

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNDAN Í STARFINU



### Opið hús

Fyrir eldri borgara Mosfellsbæjar í Hlégarði miðvikudaginn 28. ágúst kl. 14-16. Kynnt verður sú þjónusta sem eldri borgurum stendur til boða í sveitarfélaginu.

### Velkomin í Brúarland

Opið verður í Brúarlandi kl. 13-15 laugardaginn 31. ágúst. Öllum velkomið að kíkja og sjá nýju heimkynni félagsstarfsins og FaMos.
Við erum afar spennt að opna svo starfið í Brúalandi 2. sept. kl. 11. Húsið er fallegt og með góða sál og okkur á eftir að líða vel í því og skapa góðar minningar þar saman. Opið verður alla virka daga kl. 11-16 nema föstudaga 13-16. Öllum velkomið að vera með okkur og ef þú hefur einhverja tillögu að tómstundastarfi endilega hafðu samband við okkur.

### Íþróttanefnd FaMos

***Dagskrá haustannar 2024***

Verðum í Hlégarði að skrá miðvikud. 28. ágúst ca. um kl. 14.30. Heilsa og hugur leikfimi fyrir 60+ úti og inni í íþróttahúsinu að Varmá. 14 vikna námskeið 3 sinnum í viku hefst 9. september. Mánudaga og föstudaga kl. 8, 9 og 10, miðvikudaga allir hópar saman í Fellinu kl. 10. Verð fyrir tímabilið er kr. 18.000. Skráning hefst í Hlégarði miðvikud. 28. ágúst kl. 14 og eftir það í síma 845 7490 frá kl. 10 til 12.
Vatnsleikfimi í Lágafellslaug byrjar í september en verður auglýst síðar hvaða dag. Tímarnir verða mánud. kl. 14, þriðjud. 14.30, miðvikud. 15 og fimmtud. 13.25. Það þarf að skrá sig í vatnsleikfimina og hefst skráning í Hlégarði miðvikud. 28. ágúst kl. 14 og eftir það í síma 895 9610 frá kl. 11 til 13. Verð fyrir tímabilið er kr. 5.000.- pr. einu sinni í viku og greiðist í fyrsta tíma. Posi á staðnum.
Ringó í íþróttahúsinu Varmá þriðjudaga kl. 12.10 og fimmtudaga kl. 13 byrjar 10. september.
Boccia í íþróttahúsinu Varmá þriðjudaga kl. 12.10 byrjar 10. september.
Púttæfingar í golfskálanum, neðri hæð. Tímar auglýstir síðar.
Gönguferðir alla fimmtudaga kl. 10.30 frá Hlégarði frá 1. sept. ATH BREYTT DAGSETNING.

### Hittumst í Hlégarði

***Alla þriðjudaga kl. 13-15***

Minnum á að við byrjum 3. sept. alla þriðjudaga í Hlégarði að spila spil, billjard, tefla, prjóna, föndra, vefa, ræða málin og alls konar fleira. Allir velkomnir og alltaf heitt á könnunni og kaffi með. Njótum þess að hitta skemmtilegt fólk. Hlökkum til að sjá sem flesta.

**Félagsvistin** er byrjuð og er alla föstudaga á Hlaðhömrum 2 kl. 13 í borðsal. **Kanasta** byrar 3. sept. í Hlégarði kl. 13. **Gaman saman** söngur annan hvern fimmtudag kl. 13 í vetur í borðsal á Eirhömrum, Hlaðhömrum 2. Kaffi selt ásamt meðlæti á 500 krónur eftir skemmtun. Stjórnandi er Helgi R. Einarsson. Byrjar 12. sept. **Gaman saman fyrirlestar** í samvinnu við Lágafellssókn, Þverholti 3, 3. hæð annan hvern fimmtudag kl. 14. Byrjar 19. sept. Leikfimi á Hlaðhömrum fyrir alla byrjar fimmtudaginn 29. ágúst kl. 10:45 fyrri hópur og seinni hópur 11:15. Kennari Karin Mattson. Leikfimin er gjaldfrjáls.

Skráning á önnur námskeið í félagsstarfinu svo sem postulínsmálun, mósaík, myndlist, gler og leir og fleira verður kynnt nánar í Hlégarði á opna húsinu 28. ágúst kl 14:00. Endilega vertu með í vetur.



**Skrifstofa félagsstarfsins** er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.
**Skrifstofa FaMos** á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.

**FÉLAG ALDRAÐRA**
***í Mosfellsbæ og nágrenni***
*famos@famos.is*
*www.famos.is*

**STJÓRN FAMOS**

**Jónas Sigurðsson** formaður
s. 666 1040 *jonass@islandia.is*

**Jóhanna B. Magnúsdóttir** varaformaður
s. 899 0378 *hanna@smart.is*

**Þorsteinn Birgisson** gjaldkeri
s. 898 8578 *thorsteinn.birgis@gmail.com*

**Guðrún K. Hafsteinsdóttir** ritari
s. 892 9112 *gunnasjana@simnet.is*

**Ólafur Guðmundsson** meðstjórnandi
s. 868 2566 *polarafi@gmail.com*

**Ingibjörg G. Guðmundsdóttir** varamaður
s. 894 5677 *igg@simnet.is*

**Hrund Hjaltadóttir** varamaður
s. 663 5675 *hrundhj@simnet.is*




# HEILSUDÝNUR

## KOMDU OG PRÓFAÐU

Stillanleg rúm frá Reverie með Wallhugger kerfi.
Rúmið dregst að veggnum þegar höfðalagið er reist upp.

Nýju Bodyprint heisludýnurnar eru bæði til með og án gorma og í mörgum mismunandi stífleikum. Þannig að allir geta fundið dýnu við hæfi.



FALLEG NÝ

# SÆNGURVERASETT

YFIR 100 TEGUNDIR

**ALLAR STÆRÐIR**
140x200 cm koddaver 50x70 cm
140x220 cm koddaver 50x70 cm
200x200 cm 2 x koddaver
200x220 cm 2 x koddaver

## MIKIÐ ÚRVAL AF SÆNGUM OG KODDUM





## SVEFNSÓFI – MÍLANO

120 cm / 140 cm / 160 cm dýna.
Einfaldur og þægilegur - Margir litir.
Verð frá kr. 244.900.-



vefverslun svefnogheilsa.is

Svefn & heilsa ★★★★★

*Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu*

**UM FJÓRÐUNGUR**
LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUDÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup

**Listhúsinu Laugardal** - Sími 581 2233 | **Baldursnesi 6, Akureyri** | Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00 | Laugardaga 11:00 - 15:00


Ertu klár fyrir helgina?
ÞÚ FÆRÐ SKRAUT OG FYLGIHLUTI HJÁ OKKUR
GULA HVERFIÐ
RAUÐA HVERFIÐ
BLÁA HVERFIÐ
BLEIKA HVERFIÐ
SKANNAÐU KÓÐANN TIL AÐ SKOÐA VÖRUÚRVALIÐ
PARTÝBÚÐIN
Faxafeni 11, 108 Reykjavík
www.partybudin.is


HUPP HUPP HÚRRA
Góða skemmtun um helgina
á Í túninu heima.
SJÁUMST!
HUPPA
HÁHOLT 13
OPIÐ
MÁN-FÖS 14-23
LAU-SUN 12-23
TILBOÐ
*GILDIR HELGINA 30. ÁGÚST. - 1. SEPTEMBER
4 LITLIR BRAGÐAREFIR Á 1.000 KR STK.
KLIPPA ÚT
LÍTILL BRAGÐAREFUR
1.000 KR
LÍTILL BRAGÐAREFUR
1.000 KR
LÍTILL BRAGÐAREFUR
1.000 KR
LÍTILL BRAGÐAREFUR
1.000 KR


Gleðilega hátíð
Landsbankinn óskar íbúum Mosfellsbæjar og gestum „Í túninu heima“ gleðilegrar hátíðar



## Kjúllinn endurtekinn á föstudaginn

Kjúllinn sló heldur betur í gegn í fyrra og verður endurtekinn Í túninu heima. Kjúllagarðurinn opnar við Hlégarð í hádeginu þar sem matarvagnar og leiktæki verða meðal annars á staðnum. Kjúllabarinn opinn og ýmiss konar afþreying fyrir börn sem fullorðna fram að skrúðgöngu og brekkusöng. Um kvöldið verður svo blásið í Mosó partý þar sem hressir Mosfellingar munu skiptast á að halda uppi stuðinu í Hlégarði og stendur miðasala yfir á MidiX.is



## Útvarp Mosfellsbær í loftinu um helgina

Útvarp Mosfellsbær verður starfrækt um hátíðarhelgina Í túninu heima. Liðin eru 37 ár síðan hópur mosfellskra ungmenna tók sig saman og stofnaði útvarpsstöð í þessum anda þegar Mosfellssveit varð að Mosfellsbæ. Á bæjarhátíðinni um helgina verða útsendingar frá fimmtudegi til laugardags kl. 10-18. Hægt verður að hlusta á FM 106,5 og á Spilaranum. Bókasafnsstarfsmennirnir og hlaðvarpskonurnar Ástrós Hind Rúnarsdóttir og Tanja Rasmussen hafa umsjón með útvarpinu og hvetja bæjarbúa til að senda inn óskalög og kveðjur í gegnum utvarpmoso@gmail.com eða á instagramsíðu útvarpsins, @utvarpmoso.



## Hópakstur traktora og fornvélasýning

Wings'n Wheels fornvélasýning fer fram á Tungubakkaflugvelli í tengslum við bæjarhátíðina um helgina. Sýningin er haldin á laugardaginn kl. 12-17 og er aðgangur ókeypis. Þar er hægt að virða fyrir sér gamlar flugvélar, fornbíla, dráttarvélar, mótorhjól og kl. 16:30 verður karamellukastið vinsæla. Hátíðin hefst kl. 12 með hópakstri dráttarvéla, fornbíla og tækja um Mosfellsbæ. Kl. 13.30 fer fram glæsilegt listflug. Stórsveit Íslands ásamt söngvurunum Viggu Ásgeirsdóttur, Ara Jónssyni og Davíð Ólafssyni verður með tónleika á staðnum kl. 14:30 og aftur kl. 15:30.



**Þjónustu- og aðkomubygging íþróttamiðstöðvarinnar að Varmá:**
Leitað er að hæfum og áhugasömum aðilum til samstarfs um þróun, byggingu og/eða nýtingu á uppbyggingu á nýrri þjónustu- og aðkomubyggingu á íþróttasvæðinu að Varmá. Þjónustu- og aðkomubygging verður nýtt af Mosfellsbæ og Aftureldingu. Byggingin getur að hámarki orðið 3.000 m2, en ný þarfagreining Mosfellsbæjar og Aftureldingar gerir ráð fyrir allt að 1.700 m2 aðstöðu. Starfsemi sem kæmi til greina í þjónustu- og aðkomubyggingu er íþrótta- og heilsutengd starfsemi á borð við líkamsrækt, sjúkraþjálfun, verslun, veitingarekstur og skrifstofuaðstöðu.

*Þjónustu- og aðkomubygging að Varmá • Uppbygging á lóð við Háholt 5*

# Mosfellsbær leitar að samstarfsaðilum fyrir þróunarverkefni

Bæjarráð hefur samþykkt tillögu um að skoða áhuga mögulegra samstarfsaðila á tveimur þróunarverkefnum á Varmársvæðinu.

Annars vegar þjónustu- og aðkomubyggingu á íþróttasvæðinu að Varmá og hins vegar þróun og uppbyggingu á lóð við Háholt 5. Markmiðið er að veita áhugasömum og hæfum aðilum tækifæri til að koma fram með hugmyndir að þróun og uppbyggingu á svæðinu. Opnað verður fyrir umsóknir fyrir bæði verkefnin í byrjun september.

**Spennandi vegferð**

„Við erum á spennandi vegferð í Mosfellsbæ með uppbyggingu á íþróttasvæðinu að Varmá og frekari nýtingu aðliggjandi svæða. Þessi þróunarverkefni eru liður í þeirri vinnu," segir Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri.

„Þegar við fórum í þarfagreiningu á íþróttahúsinu og nýrri þjónustu- og aðkomubyggingu þá kom í ljós þörf á stærra rými og umfangsmeiri breytingum en ráð var fyrir gert. Þess vegna viljum við freista þess að fá áhugasama aðila til samstarfs með samnýtingu á þjónustu- og aðkomubyggingunni.

Við viljum líka skoða hvaða tækifæri eru í nýtingu lóðarinnar við Háholt sem liggur nálægt Varmársvæðinu. Þetta ferli skuldbindur ekki Mosfellsbæ en gefur okkur tækifæri til að kanna áhuga aðila á markaði og félagasamtaka áður en næstu skref varðandi uppbyggingu verða tekin."

**Upplýsingaöflun um hugmyndir**

Eingöngu er um markaðskönnun að ræða á grundvelli 45. gr. laga um opinber innkaup, þ.e. upplýsingaöflun um hugmyndir áhugasamra aðila á markaði hvað varðar nýtingu á svæðinu og hvernig hún fellur að þörfum og væntingum Mosfellsbæjar og Aftureldingar.

Ekki er tryggt að markaðskönnun leiði til útboðs og þátttaka í henni ekki talin forsenda þátttöku í síðara innkaupaferli/útboði.

**Háholt 5**
Leitað er að hæfum og áhugasömum aðilum til samstarfs um þróun og uppbyggingu á lóð að Háholti 5. Markmið með uppbyggingu á þróunarsvæðinu að Háholti 5 er að styðja við uppbyggingu Varmársvæðisins til lengri tíma, tengja við miðbæjarsvæðið og styrkja starfsemina á svæðinu.
Um er að ræða nýja 4.000 m2 lóð sem er á skipulögðu miðsvæði við Vesturlandsveg með aðkomu frá Háholti. Fjölbreytt tækifæri til uppbyggingar í miðbæ Mosfellsbæjar á sviði verslunar, þjónustu, afþreyingar, hótels eða með öðrum þeim hætti sem nýst getur íbúum og gestum sveitarfélagsins. Lóðin er í nálægð við menningar- og samkomuhús Hlégarðs auk íþróttasvæðis að Varmá.






KRÓNAN

# Takk fyrir drulluna!

– Sjáumst að ári











UMFÍ

UMFA

Snjallar lausnir - gott úrval - lágt verð

Afgreiðslutímar á kronan.is




Uppfærsla á Mínum síðum

# Bætt aðgengi og aukið gegnsæi fyrir íbúa

Mínar síður leysa af hólmi þjónustu- og íbúagátt á vef Mosfellsbæjar og verða þinn aðgangur að öllum þjónustu-umsóknum og upplýsingum um afgreiðslu mála.

Mínar síður eru aðgengilegar og notendavænar og virka mjög vel í farsíma og öðrum tækjum. Við innskráningu birtast öll mál undir *Málin mín* og skjöl sem þarfnast undirritunar eða afgreiðslu undir *Skjölin mín.* Auk þess er ferli allra umsókna nú í þægilegum skrefum.

Innskráning á Mínar síður er með rafrænum skilríkjum í gegnum ísland.is. Umboðskerfi þeirra býður nú einnig upp á umsóknir fyrir hönd einstaklinga og fyrirtækja þar sem umboð eða prókúra er fyrir hendi.

**Mosfellsbær**

minarsidur.mos.is


# GÓÐ SKEMMTUN ER ÖRUGG FYRIR ÖLL

## GÓÐA SKEMMTUN Í TÚNINU HEIMA

112 AÐSTOÐAR Í NEYÐ

LÖGREGLAN
SEGÐU FRÁ 112
Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið




# Reiknaðu innkaupin til enda!

## Hvernig virkar appið?

Notaðu appið til að skanna QR-kóðan við kassann þegar þú borgar. Þá færð þú alltaf 2% afslátt í formi inneignar og meira þegar vörur eru á apptilboði. Þegar þú hefur safnað nægri inneign getur þú borgað með appinu.

Hér sést inneignin þín.

Nánari upplýsingar.




Yfirlit yfir innkaupin þín.

Hvað er á tilboði núna?

Pantaðu í netverslun.

Skannaðu þegar þú borgar til að safna inneign.

Innkaupalistinn þinn.

**Afslátturinn birtist sem inneign í Samkaupaappinu. Þú getur notað appið í öllum verslunum Nettó og á netto.is.**

nettó


KJÚLLA
GARÐURINN
Föstudagur Í túninu heima
12:00-20:30
Matur, drykkir og afþreying fyrir alla við Hlégarð.
Kjúllabarinn, handboltaborgarar frá UMFA, matarvagnar frá
Götubitanum, veltibíllinn og leiktæki frá Köstulum á sínum stað.
Tilvalið stopp fyrir skrúðgöngu og brekkusöng.


ÖLL ALMENN JARÐVINNA
• Hellulagnir •
• Þökulagnir •
• Vélarvinna •
• Malbik- og steinsögun •
• Snjóbræðslulagnir •
• Grjót/steinhleðslur •
• Drenlagnir •
ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA,
HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI
HÚSRÁÐ
VERKTAKAR
781 7777
husrad@husradverktakar.is


TILBOÐ - TILBOÐ - TILBOÐ - TILBOÐ
Sigurbjörg
Slikkerí
Ný
VERSLUN
við torgið
Því ber að fagna
Við verðum með alskonar tilboð
og góða afslætti í tilefni bæjarhátíðar Í túninu heima.
Léttar veitingar og
uppákomur í boði
milli 12 og 15.
laugardaginn 31.
ágúst
Verslunin verður
opin frá kl. 12 - 23
Mosó Torg
FOLDABASSA ART
Instaprent
PRENTUN OG HÖNNUN
www.mosotorg.is | Háholt 14, 270 Mosfellsbær
ANDLITSMÁLNING ANDLITSMÁLNING


8
Besta bankaappið átta ár í röð!
Samkvæmt Maskínu 2024




MALBIKSTÖÐIN

# Sumartilboð
## Í túninu heima

GRILL 66

Santa Rosa Sumarborgari og franskar með ísköldu Coca Cola

**1.995 kr.**





Hrefna, Ágúst framkvæmdastjóri golfklúbbsins og Jón Kjartan formaður Umhyggju.

# Hélt 70 ára afmælismót í minningu barnabarns

Þann 10. júlí síðastliðin hélt Hrefna Birgitta Bjarnadóttir upp á 70 ára afmælið sitt með því að halda styrktargolfmót á Hlíðavelli.

Mótið var til styrktar Umhyggju en félagið vinnur að bættum hag langveikra barna og fjölskyldna þeirra. Styrkurinn var til minningar um barnabarn hennar sem hefði orðið 10 ára í sumar.

„Mér fannst tilvalið að halda svona upp á afmælisdaginn minn, en þegar ég varð 60 ára þá var lítið barnabarn nýfætt, hann var því miður mikið lasinn og dó einu og hálfu ári seinna. Umhyggja hefur hjálpaði fjölskyldunni mikið í gegnum allt þetta ferli. Drengurinn hefði orðið 10 ára 4. júlí og fannst mér þá tilvalið að halda upp á sjötugsafmælið með þessum hætti,“ segir Hrefna Birgitta.

„Golfklúbburinn gaf eftir öll vallargjöld og því rann allur peningurinn sem kom inn fyrir mótið ásamt afmælisgjöfum beint til Umhyggju, alls um hálf milljón.

Mig langar að þakka Golfklúbbnum, Blik og öðrum styrktaraðilum sem komu að þessu með einum og öðrum hætti fyrir stuðninginn.“





HRINGURINN

FIMMTUDAGINN

29. ÁGÚST KL. 18:00

Hjólað um stíga Mosfellsbæjar

HJÓLADEILD AFTURELDINGAR

Hjólað frá íþróttamiðstöðinni að Varmá. Gaman væri að þátttakendur mæti í sínum hverfislitum en að sjálfsögðu eru allir velkomnir hvort sem þeir búa í Mosfellsbæ eða ekki. Venjuleg fjallahjól sem og rafmagnshjól velkomin.

Nánar á Facebook

15 KM

30 KM





# Umhverfismat Seljadalsnámu

Skipulagsstofnun hefur nú til auglýsingar umhverfismatsskýrslu vegna mögulegrar áframhaldandi efnistöku úr Seljadalsnámu, í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og reglugerð nr. 1381/2021.

Mosfellsbær leggur til efnistöku á allt að 230.000 m3 af efni á um 2 ha landsvæði í Seljadal. Tilgangur framkvæmdarinnar er að afla fyrsta flokks steinefnis fyrir malbik á höfuðborgarsvæðinu.

**Frestur almennings og umsagnaraðila til að skila umsögnum er til 2. október 2024.**

Skila skal umsögnum með rafrænum hætti í skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is, mál nr. 2024/993

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700








# Ný sjálfvirk þvottastöð

## Velkomin á nýja bílaþvottastöð N1 í Háholti

Glænýjar og vandaðar finnskar bílaþvottavélar með gæðahreinsiefnum sem flest eru Svansvottuð. Hægt er að velja burstaþvott eða snertilausan þvott og bæta við tjöruhreinsi. Undirvagnsþvottur er innifalinn. Auk sjálfvirku þvottastöðvarinnar eru fjórir þvottabásar í boði. Hlökkum til að sjá ykkur!

**N1 kortið þitt er í appinu**

Náðu þér í N1 appið í hvaða snjallsíma sem er!




Skannaðu kóðann og náðu í N1 appið.








N1 Háholti
440 1350

SMÁVÆGILEGAR ENDURFÆÐINGAR



**Listamannaspjall**
**31. ágúst kl. 13:00**

## ÓLÖF BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR

Listasalur Mosfellsbæjar
Þverholt 2, 270 Mosfellsbær

# MINECRAFT: RAFRÁSIR FYRIR 8-12 ÁRA

## 14. september kl. 12:30-15:30

## í Bókasafni Mosfellsbæjar

Skema verður með smiðju í bókasafninu þar sem nemendur fá að kynnast rafmagnsfræði í Minecraft!

Í Minecraft má nota rafmagn til þess að búa til allt mögulegt. En þá þarf að smíða rafrásir og til þess þarf rauðsteina sem finnast djúpt í hellum. Hver vill ekki eiga sjálfvirkt gróðurhús sem sér um að rækta korn og baka brauð? Nú eða rússíbana eða jafnvel spiladós sem spilar lög?!

Farið verður yfir helstu rökrásir og rafmagnsfræðihugtök og þau tengd við raunveruleikann. Nemendur læra að sjálfvirknivæða sína Minecraft-heima með því að beita rökhugsun og sköpun.

Aldursviðmið: 8-12 ára.
Skráning: www.sumar.vala.is

# UPPSKERUHÁTÍÐ SUMARLESTURS

## Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

## MIÐVIKUDAGINN 28. ÁGÚST KL. 16:30



Eftir frábært lestrarsumar fögnum við lestrarhetjum bæjarins með uppskeruhátíð í bókasafninu.

Blaðrarinn mætir í safnið og verður með skemmtilega blöðrusmiðju! Smiðjan hefst stundvíslega kl. 16:30 og best er að vera með frá byrjun.

Síðasti útdráttur úr bókaumsögnum er 30. ágúst. Límmiðar í lestrarheftið verða í boði á meðan birgðir endast.

## ÖLL VELKOMIN!

# Sögustund

## í Bókasafni Mosfellsbæjar

## Miðvikudaginn 18. september kl. 16:45




**Í fyrstu sögustund vetrarins lesum við saman Systkinabókina eftir Jónu Valborgu Árnadóttur og Elsu Nielsen.**

**Sóla er orðin stóra systir. En það er ekki eins skemmtilegt og hún hélt. Litli bróðir er hávær og alltof lítill til að leika við. Sóla ákveður að grípa til sinna ráða. Hún leggur upp í örlagaríka ferð, hjartað tekur kipp og ekkert verður eins og áður.**

## Öll velkomin!



Gull

**KJÚLLINN** KYNNIR

Jägermeister



# MOSÓ PARTÍ

## MEÐ DOCTOR VICTORI OG MOSÓ ALL STARS

**FÖSTUDAGINN 30. ÁGÚST 2024**
Í HLÉGARÐI Í TÚNINU HEIMA



DOCTOR VICTOR · SLÆÆ · SVANÞÓR EINARSSON FASTEIGNASALI · JÓNDI · ÓLAFÍA SVERRIS
KELI OG HALLA · HAFRÚN OG ALDÍS · GUÐMUNDUR OG GUÐBJÖRN · ÞRÁNDUR OG NÚMI · OG FLEIRI...

**MIÐASALA Á MIDIX** - 3.500 KR. · HÚSIÐ OPNAR **22.00**
**ALDURSTAKMARK 20 ÁR** (36 ÁRA VÆRI RÁÐLEGT)

Spilar **Keli** ABBA? Tekur **Svanni** Nínu enn á ný? Taka **Þrándur** og **Númi** ruslatunnuatriðið? Hver verður leynigestur? **Balli Hallgríms** þorði ekki en **Balli Maack** ætlar að sjá til á staðnum.

# Barnakór Lágafellssóknar

Kóræfingar á mánudögum í safnaðarheimilinu, Þverholti 3



**1. - 3. bekkur** kl. 16:20 - 17:00
**4. - 7. bekkur** kl. 17:10 - 18:00
**Kórstjóri:** Valgerður Jónsdóttir

Nánari upplýsingar og skráning inn á lagafellskirkja.is



# Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins: www.mos.is/storf

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir, tengdasonur, frændi og vinur.

**JÓN JÓNSSON / LILLI**
**Omø, Danmörku**



Lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldunnar föstudaginn 2. ágúst eftir örstutt veikindi.

**Nakalema og börn**
**Sigurlína Jóhannsdóttir**
**Jón B. Hermannsson Ásdís Óskarsdóttir**
**og fjölskylda**



## Minningarathöfn og minningartónleikar

Minningarathöfn um Jón/Lilla verður haldin í Lágafellskirkju **25. september kl. 11**
Beint streymi verður frá Hlégarði.

Sama kvöld blása fjölskylda og vinir Jóns til minningartónleika til að styrkja eftirlifandi börn hans og konu en Jón lætur eftir sig fjögur börn á aldrinum 1 - 13 ára
Tónleikarnir fara fram í Hlégarði og hefjast **kl. 20**
Húsið opnar kl 19 þar sem fólk getur komið saman og minnst Jóns yfir fiskisúpu og öli á vægu verði en allur ágóði rennur til söfnunarinnar.

Á tónleikunum koma fram nokkrir af fremstu tónlistarmönnum þjóðarinnar, kórar og vinir Jóns.

*Dagskráin verður auglýst síðar.*




*Ólöf Björg myndlistarkona opnar dyrnar Í túninu heima*

# Sýnir í Listasalnum og býður í heimsókn

Sýningin Smávægilegar endurfæðingar eftir Ólöfu Björgu Björnsdóttur stendur nú yfir í Listasal Mosfellsbæjar. Á laugardaginn kl. 13 verður boðið upp á listamannaspjall og leiðsögn með Ólöfu.

Smávægilegar endurfæðingar er unnin á þriggja ára tímabili. Verkin eru myndræn ljóð af upplifun Ólafar frá flutningi í Álafoss verksmiðjuna við Varmá í Mosfellsbæ. Verkin eiga að sýna það ástand þegar sköpunarflæðið nær hápunkti.

Flæðið er mismunandi og getur verið flókið að tengja það við ákveðnar tilfinningar eða hlutbundin form. Tilfinningar og sjálfsþroski er Ólöfu hugleikið efni ásamt náttúruelementunum sem birtast á ýmsan hátt í verkum hennar. Hér gerir Ólöf Björg tilraun til að tjá tilfinningalífið hvort sem það er augljóst eða órætt. Myrkur og birta blandast saman og mynda ákveðin hráleika á striganum.

**Starfar í gömlu Álafossverksmiðjunni**

Ólöf Björg Björnsdóttir (f.1973) útskrifaðist frá málaradeild Listaháskóla Íslands árið 2001 og lauk einnig námi í listkennslu árið 2007. Hún hefur einnig lagt stund á heimspekinám og sótt „shamanísk“ námskeið hjá suður-amerískum og nepölskum seiðmönnum.

Ólöf Björg Björnsdóttir myndlistarkona býr og starfar í gömlu Álafossverksmiðjunni við Varmá í Mosfellsbæ. Þennan sama laugardag á bæjarhátíðinni ætlar hún að fagna listinni á vinnustofu sinni í Álafosskvos kl. 14-18 og opna formlega galleríið sitt. Vinnustofa hennar er á 3. hæð að Álafossvegi 23.



„Mér hefur verið tekið einstaklega vel hér í Mosfellsbæ og vil glöð gefa af mér inn í þetta fallega samfélag.

Álafoss og Varmá umfaðma mig og hér er dásamlegt að búa, dagurinn byrjar eða endar ansi oft með viðkomu í gufunni í Varmárlaug sem er algjör perla.“








# Byggjum upp bjarta framtíð

Spennandi og fjölbreytt starfsumhverfi

istak.is


FJÖGURRA OSTA PIZZA
SWEET & SPICY
TRÍÓ
MÁNAÐARINS
Í ágúst færðu stóra Domino's Classic, Fjögurra osta pizzu eða
Sweet & Spicy á aðeins 2.390 kr. ef þú pantar í appinu eða á
vefnum, greiðir fyrirfram og sækir í Háholtið. Pantaðu núna!
AÐEINS 2.390 KR.
DOMINO'S CLASSIC



# VERTU MEÐ OG HAFÐU ÁHRIF!

## Súpufundur í Hlégarði

### Þriðjudaginn 3. september kl. 18-20

Nú er tækifæri fyrir Mosfellinga að hafa bein áhrif og vinna áfram með bjarta framtíð Mosfellsbæjar. Við bjóðum **öllum bæjarbúum** að koma og taka slaginn með okkur og vinna saman að enn betra bæjarfélagi.

**Gestir gæða sér á súpu á meðan bæjarfulltrúar Framsóknar fara yfir þau mál sem hafa verið í brennidepli síðustu misseri og ræða það sem er framundan.**



Bæjarfulltrúar taka samtalið við bæjarbúa um það sem brennur á þeim. Að því loknu skiptum við áhugasömum í vinnuhópa sem ætlað er að vinna hugmyndavinnu fyrir eftirfarandi málaflokka:

- Atvinnu- og nýsköpun
- Skólamál, íþróttir og tómstundir
- Menning og lýðræði
- Málefni fatlaðs fólks
- Málefni barna og forvarnir
- Málefni eldri borgara
- Skipulags- og umhverfismál
- Málefni ungs fólks

**Allir bæjarbúar eru hjartanlega velkomnir til okkar í Hlégarð.**

Hægt er að skrá sig á viðburðinn á Facebook

www.framsoknmos.is



ÍSFUGL
FRÁ ÍSLENSKUM BÆNDUM
sem við þekkjum og treystum
KJÚKLINGUR OG KALKÚNN FRÁ ÍSFUGLI ER REKJANLEGUR TIL BÓNDA
Kíktu í heimsókn til Ísfuglsbónda!
FRÁ FJÖLSKYLDUNNI Á REYKJABÚINU
ÍSFUGL
FRÁ FJÖLSKYLDUBÚINU Á HEIÐARBÆ 1
ÍSFUGL
FRÁ FJÖLSKYLDUBÚINU Á HJALLAKRÓKI
ÍSFUGL
FRÁ BÆNDUNUM Á NESLÆK Í ÖLFUSI
ÍSFUGL

# WINGS´N WHEELS 2024

# FORNVÉLASÝNING



## TUNGUBAKKAFLUGVÖLLUR
## MOSFELLSBÆ

## LAUGARDAGINN 31. ÁGÚST KL. 12-17

**Kl. 13.30** Glæsilegt listflug - **Kl. 16:30** karamellukast

Stórsveit Íslands ásamt söngvurunum Viggu Ásgeirsdóttur, Ara Jónssyni og Davíð Ólafssyni verður með tónleika á staðnum **kl. 14:30** og aftur **kl. 15:30**.

**ALLIR HJARTANLEGA VELKOMNIR - AÐGANGUR ER ÓKEYPIS**

FLUGKLÚBBUR MOSFELLSBÆJAR

Í túninu HEIMA

Ferguson Félagið

FORNBÍLAKLÚBBUR ÍSLANDS FBÍ fornbill.is

HÖNNUN: ARTPRO

TINDAHLAUP Mosfellsbæjar

# 15 ÁRA AFMÆLISHLAUP Í BOÐI nettó



**1 TINDUR**
12 KM.
420M HÆKKUN.
5.000 KR.
RÁSTÍMI KL. 11:00

**3 TINDAR**
19 KM.
812M HÆKKUN
6.000 KR.
RÁSTÍMI KL. 11:00

**5 TINDAR**
34,4 KM.
1410M HÆKKUN
6.500 KR.
RÁSTÍMI KL. 9:00

**7 TINDAR**
38,2 KM.
1822M HÆKKUN
7.000 KR.
RÁSTÍMI KL. 9:00

Halla Karen og Berta frá Útiþjálfun
sjá um skipulagða upphitun kl 8:40 og 10:40.

# LAUGARDAGURINN 31. ÁGÚST 2024

**Tindahlaup Mosfellsbæjar verður haldið laugardaginn 31. ágúst 2024.**
**Hlaupið hefst klukkan 9:00 við íþróttasvæðið að Varmá.**
**Ræst verður í tveimur ráshópum. 5 og 7 tindar kl 9:00 og 1 tindur og 3 tindar kl 11:00.**
**Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar mun ræsa í báða rástíma.**

## SKRÁNING

Skráning er til miðnættis miðvikudaginn 28. ágúst á hlaup.is.

Einnig hægt að skrá sig samhliða afhendingu gagna 29-30. ágúst.

## HLAUPAGÖGN

Hlaupagögn verða afhent fimmtudaginn 29. ágúst í Nettó Mosfellsbæ milli kl 17:00-20:00. Föstudaginn 30. ágúst í Vallarhúsinu að íþróttamiðstöðinni Varmá í Mosfellsbæ milli kl 17:00 og 20:00.

## VERÐLAUN

Verðlaun fyrir fyrstu þrjú sæti karla og kvenna í öllum vegalengdum. Þátttökuverðlaun fyrir alla sem ljúka hlaupinu og vegleg verðlaun fyrir þá sem slá Nettó-brautarmet að verðmæti 50.000 kr.

## TINDAHÖFÐINGINN

Til að verða Tindahöfðingi þarf hlaupari að hlaupa allar fjórar vegalengdir hlaupsins. Safnaðu tindum og þú færð glæsilega viðurkenningu og sæmdarheitið Tindahöfðingi.

CELSIUS LIVE FIT VERÐUR Á STAÐNUM

ATH EKKI ER HÆGT AÐ SKRÁ SIG EÐA SÆKJA GÖGN Á KEPPNISDAG

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG Mosfellsbær vellíðan fyrir alla

BJÖRGUNARSVEITIN KYNDILL MOSFELLSBÆ

Nánari upplýsingar
https://www.facebook.com/tindahlaup/

Skannaðu mig

HLEÐSLA ÍÞRÓTTADRYKKUR · MOSFELLSBÆR · COACH BIRGIR · Bananar · nettó · HREYSTI · AVA · GATORADE · UMFA

# Bæjarhátíð

# Mosfellsbæjar

B.Ó. SMIÐIR
nettó
MOSFELLSBAKARÍ
VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI - VÉLALEIGA ÞAÐ SEM TIL ÞARF
GSM 896 6279 896 9443 8962279
ISBAND
ÍSTAK
olis
KFC

Mosfellsbær þakkar íbúum, starfsmönnum, fyrirtækjum og félagasamtökum fyrir að taka þátt í að búa til og bjóða upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla fjölskylduna Í túninu heima.

**Styrktaraðilum eru færðar sérstakar þakkir fyrir þeirra framlag.**

Mosfellsbær



Dagskrá í túninu heima

Góða skemmtun



# Þriðjudagur
## 27. ágúst

**14:00 HAUSTBLÓMASÝNING GARÐYRKJUDEILDAR**
Garðyrkjudeild Mosfellsbæjar hefst handa við að setja upp haustblómasýningu í miðbæ Mosfellsbæjar.

**17:00-20:00 PERLAÐ MEÐ KRAFTI**
Kraftur kemur í Hlégarð og perlar armbönd með Aftureldingu og Mosfellingum. Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein.

**18:00 PRJÓNASKREYTINGAR**
Kvenfélag Mosfellsbæjar skreytir aspirnar við Háholt í miðbæ Mosfellsbæjar með handverki. Íbúar geta tekið þátt og komið með það sem þeir eru með á prjónunum.

# Miðvikudagur
## 28. ágúst

**14:00-16:00 KYNNING FYRIR ELDRI BORGARA**
Kynningarfundur í Hlégarði um þá þjónustu sem stendur til boða í sveitarfélaginu. Þjónustuaðilar með kynningarbása og heitt á könnunni.

**16:30-17:30 UPPSKERUHÁTÍÐ SUMARLESTURS Í BÓKASAFNINU**
Eftir frábært lestrarsumar fögnum við lestrarhetjum bæjarins með uppskeruhátíð. Blaðrarinn stýrir blöðrusmiðju sem hefst kl. 16:30. Best er að vera með frá byrjun. Aðgangur ókeypis og öll velkomin.

**18:00 HUNDAHLAUP**
Hundahlaupið er opið öllum. Farin verður sérstaklega falleg hlaupaleið sem hefst við flötina fyrir neðan Reykjalund. Svæðið opnar kl. 16:00, sameiginleg upphitun hefst kl. 17:30 og hlaupið ræst kl. 18:00. Í boði er annars vegar 5 km tímataka og hins vegar 2 km skemmtiskokk.

**19:00-20:30 BALL Í HLÉGARÐI FYRIR 5.-7. BEKK**
Í túninu heima ball í Hlégarði. Dj Ari heldur uppi stuðinu. 1.000 kr. inn.

**21:00-23:00 UNGLINGABALL Í HLÉGARÐI FYRIR 8.-10. BEKK**
Í túninu heima hátíðarball á vegum félagsmiðstöðvarinnar Bólsins. Herra Hnetusmjör og dj Bjarni K. 2.000 kr. inn.

**20:00 TÓNLEIKAR Í LÁGAFELLSKIRKJU**
Tónleikar með Elínu Hall í Lágafellskirkju. Reynir Snær Magnússon spilar með á gítar. Ókeypis aðgangur á meðan húsrúm leyfir.

**21:00 HÁTÍÐARBINGÓ Í BANKANUM**
Bingó fullorðna fólksins í Bankanum með stórglæsilegum vinningum að vanda. Bingóstjóri: Hilmar Mosfellingur.

# Fimmtudagur
## 29. ágúst

Íbúar skreyta hús og götur í hverfislitum
- **Gulur:** Hlíðar, Höfðar, Tún og Mýrar
- **Rauður:** Tangar, Holt og Miðbær
- **Bleikur:** Teigar, Krikar, Lönd, Ásar, Tungur og Mosfellsdalur
- **Blár:** Reykja- og Helgafellshverfi

**10:00-18:00 ÚTVARP MOSFELLSBÆR**
Umsjón: Ástrós Hind Rúnarsdóttir og Tanja Rasmussen FM 105,6 í og í Spilaranum. Útsending frá Hlégarði.

**16:30 SÁPUBOLTI VIÐ HLÉGARÐ**
Félagsmiðstöðin Ból stendur fyrir Sápubolta á túninu við Hlégarð. 4-6 saman í liði. Frítt að taka þátt fyrir alla Mosfellinga, óháð aldri. Skráning liða sendist á bolid@mos.is eða í gegnum instagram @bolid270

**17:00 HÁTÍÐARDAGSKRÁ Í HLÉGARÐI OG SETNING BÆJARHÁTÍÐAR**
Umhverfisnefnd veitir umhverfisviðurkenningar Mosfellsbæjar 2024, veittar verða viðurkenningar fyrir garð ársins, fallega garða, tré ársins og íbúaátak.
- Mosfellsbær heiðrar starfsfólk sem á 25 ára starfsafmæli
- Útnefning bæjarlistamanns Mosfellsbæjar 2024
- Hljómsveitin Piparkorn leikur
- Heitt á könnunni og öll velkomin

**17:00-19:00 OPNUN LISTASÝNINGAR - BÆJARÁS 2**
Myndlistarsýningin „Það sem ég sé" eftir Hólmfríði Ólafsdóttur opnar í bílskúrnum í Bæjarási 2.

**17:00-22:00 SUNDLAUGARKVÖLD**
Húllumhæ og frítt í Lágafellslaug. Blaðrarinn gleður börnin kl. 18-20. Dj Baldur heldur uppi stuðinu. Halla Hrekkjusvín og Solla Stirða úr Latabæ kl. 18. Aqua Zumba kl. 19. Wipeout-braut opin fyrir yngri krakka kl. 17-18 og fyrir þá eldri kl. 18-21. Ís í boði.

**17:00 GENGIÐ Á REYKJABORG**
Ævar Aðalsteinsson Mosverji býður í göngu á Reykjaborg. Lagt verður af stað frá Hafravatnsrétt kl. 17. Gengið verður að Borgarvatni og á Reykjaborg. Skemmtileg ganga þar sem stikaðar gönguleiðir Mosfellsbæjar verða kynntar.

**18:00 FELLAHRINGURINN**
Fellahringurinn verður haldinn fimmtudaginn 29. ágúst og ræst frá Varmá kl. 18:00. Hjólað er um stíga og slóða umhverfis fellin í Mosfellsbæ. Boðið er upp á tvo mögulega hringi, litla 15 km og stóra 30 km.

**19:30 SÖGUGANGA**
Bjarki Bjarnason leiðir sögugöngu um stríðsminjaslóðir. Mæting á bílastæðinu norðan við Helgafell kl. 19.30.
Gengið verður á Helgafell og í áttina að Köldukvísl þar sem stórt sjúkrahús var reist á stríðsárunum. Öll velkomin.

**20:00 BÍLAKLÚBBURINN KRÚSER**
Bílaklúbburinn Krúser safnast saman á bílaplaninu við Kjarna. Tilvalið að kíkja á flottar drossíur og klassíska bíla frá liðinni tíð. Fjöldi glæsivagna á svæðinu ef veður leyfir og er heimafólk hvatt til að mæta.

**20:00 LADDI Í HLÉGARÐI**
Þjóðargersemin Laddi heldur sína fyrstu tónleika ásamt hljómsveit í Hlégarði. Lögin sem Laddi hefur samið og sungið í gegnum tíðina skipta tugum ef ekki hundruðum. Miðasala á Tix.is.

**20:00 BYGGÐARHOLT 5 - MOSFELLINGAR BJÓÐA HEIM**
Heiða Árnadóttir söngkona og Gunnar Gunnarsson flytja lög eftir franska tónskáldið Michel Legrand. Lögin verða flutt á íslensku og eru textar eftir Árna Ísaksson og Braga Valdimar Skúlason.

**21:30 INGÓ VEÐURGUÐ Í BANKANUM**
Ingó Veðurguð hefur ferðast um landið með tónleikaröð sem hann kallar Söngur og sögur. Nú er hann mættur í Mosó. Miðasala á Facebook-síðu Bankans.

# Föstudagur
## 30. ágúst

**07:30 MOSFELLSBAKARÍ**
Mosfellsbakarí verður opið virka daga frá kl. 7:30-17:30, 8:00-16:00 á laugardeginum og 8:30-16:00 á sunnudeginum. Heitar vöfflur verða til sölu um helgina, auk bakkelsis í hverfalitunum.

**10:00-18:00 ÚTVARP MOSFELLSBÆR**
Umsjón: Ástrós Hind Rúnarsdóttir og Tanja Rasmussen FM 105,6 í og í Spilaranum. Útsending frá Hlégarði.

**10:00 OG 11:00 SÖNGVASYRPA LOTTU**
Elsta árgangi leikskólanna í Mosfellsbæ er boðið á leiksýningu í bókasafninu. Leikhópurinn Lotta flytur söngvasyrpu sem er stútfull af sprelli, fjöri og söng. Dagskrá í samstarfi við leikskólana.

**12:00-20:30 KJÚLLAGARÐURINN**
Matur, drykkir og afþreying fyrir alla við Hlégarð. Kjúllabarinn, handboltaborgarar frá UMFA, matarvagnar frá Götubitanum, veltibíllinn og leiktæki frá Köstulum á sínum stað. Tilvalið stopp fyrir skrúðgöngu og brekkusöng.

**15:00-18:00 MYNDLISTARSÝNING BÆJARÁS 2**
Sýningin „Það sem ég sé" eftir Hólmfríði Ólafsdóttur í bílskúrnum í Bæjarási 2.

**16:00 ÆVINTÝRAGARÐURINN**
Formleg opnun hjólagarðsins Flækjunnar og nýuppfærðs frisbígolfvallar.

**16:00-18:00 OPIÐ Í ÞJÓNUSTUSTÖÐ**
Opið hús og kynning á starfsemi Þjónustustöðvar Mosfellsbæjar að Völuteig 15. Margt að skoða. Boðið upp á grillaðar pylsur, kaffi og kleinur.

**16:00-20:00 OPIÐ HÚS LISTAMANNA Í ÁLAFOSSKVOS**
Opnun á sýningunni RÁM eftir Svanlaugu Aðalsteinsdóttur og opin vinnustofa Sigfríðar Lárusdóttur, Lárusar Þórs Pálmasonar og Alrúnar Aspar Herudóttur að Álafossvegi 23, 4. hæð (lyfta á gafli húss).

**17:00-19:00 GLÍMA Á HLÉGARÐSTÚNI**
Glímufélag Reykjavíkur býður öllum að koma og taka þátt eða fylgjast með glímuæfingu. Það geta allir komið og kynnt sér krakkaglímuna og grunnnámskeið fullorðinna sem verður á dagskrá í haust.

**18:30 AFTURELDING - NJARÐVÍK**
Afturelding tekur á móti Njarðvík í Lengjudeild karla. Heimaleikur á Malbikstöðinni.

**19:00-23:00 KAFFIHÚS MOSVERJA**
Skátafélagið Mosverjar verður með kaffihús í Skálanum í Álafosskvos. Rjúkandi heitt kakó eða kaffi ásamt ýmsu góðgæti.

**19:00-22:00 SÚPUVEISLA FRIÐRIKS V OG VINA Í ÁLAFOSSKVOS**
Matreiðslumeistarinn Friðrik V og vinir galdra fram kraftmikla kjötsúpu ásamt ljúffengri fiskisúpu og dásemdar vegan-súpu. Allur ágóði fer til endurbóta á skátaheimili Mosverja.

**19:30-22:00 ÚTIMARKAÐUR Í ÁLAFOSSKVOS**
Markaðstjöld full af fjölbreyttum varningi.

**20:15 ÍBÚAR SAFNAST SAMAN Á MIÐBÆJARTORGI**
Gulir, rauðir, bleikir og bláir. Öll hvött til að mæta í lopapeysu. Skrúðgöngur leggja af stað kl. 20:30. Hestamannafélagið Hörður leiðir gönguna með vöskum fákum. Göngustjórar frá Leikfélagi Mosfellssveitar.

**21:00-22:30 ULLARPARTÝ Í ÁLAFOSSKVOS**
Brekkusöngur og skemmtidagskrá. Aron Can og VÆB bræður hita upp brekkuna. Björgunarsveitin Kyndill kveikir á blysum. Hilmar Gunnars og Gústi Linn stýra brekkusöng.

**22:00-02:00 MOSÓPARTÝ MEÐ DR. VICTORI OG MOSÓ ALL STARS**
Kjúllinn kynnir: Old School Mosó Partý í Hlégarði - Sannkölluð lókal þvæla. Dr. Victor og Slææ þeyta skífum og nokkrir af okkar hressustu Mosfellingum taka gestasett. Forsala á Midix.is.

**23:00 HERBERT GUÐMUNDS Í BANKANUM**
Herbert Guðmunds og Gummi Hebb gera allt tryllt í Bankanum. Dj Geir Flóvent spilar fyrir og eftir. Frítt inn.

# Laugardagur
## 31. ágúst

- Frítt í Varmárlaug
- Frítt á Gljúfrastein
- Tívolí við Miðbæjartorg alla helgina
  *Aðgöngumiðar seldir á staðnum*

**8:00-20:00 GOLFKLÚBBUR MOSFELLSBÆJAR**
Tveir fyrir einn af vallargjaldi á golfvellinum í Bakkakoti í Mosfellsdal um helgina.

**9:00-17:00 ÍÞRÓTTASVÆÐIÐ Á TUNGUBÖKKUM**
Fótboltamót Aftureldingar og Gæðabaksturs, 6. og 7. flokkur karla og kvenna.

**9:00-16:00 TINDAHLAUPIÐ**
Náttúruhlaup sem hefst í Fellinu við Íþróttamiðstöðina að Varmá. Ræst verður í tveimur ráshópum, 5 og 7 tindar kl. 9:00, 1 tindur og 3 tindar kl. 11:00. Fjórar vegalengdir í boði, 7 tindar (38 km), 5 tindar (34 km), 3 tindar (19 km) og 1 tindur (12 km). Tindahlaup Mosfellsbæjar er í boði Nettó.

**9:30 KB ICELAND ENGJAVEGUR 12**
Opin útiæfing hjá Kettlebells Iceland á Engjavegi. Ketilbjöllur og þrautasprikl.

**10:00-12:00 BIRKITEIGUR 3 – MOSFELLINGAR BJÓÐA HEIM**
Pokémongleði - bítti og sala í tjaldi ásamt götukrítun fyrir alla fjölskylduna. Er hægt að kríta stærsta og flottasta parís í heimi? Komið með eigin krítar eða fáið á staðnum. Tónlist og gleði.

**10:00-14:00 KAFFISÆTI DALATANGI 10**
Kaffisæti býður upp á ekta ítalskt kaffi og með því til styrktar Krafti. Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein.

**10:00-18:00 ÚTVARP MOSFELLSBÆR**
Umsjón: Ástrós Hind og Tanja Rasmussen FM 105,6 í og í Spilaranum.

Mosfellsbær · Mosfellsbakar · ISBAND · VGH Mosfellsbæ · netto · KFC · ÍSTAK · B.Ó. SMIÐIR

Bæjar-hátíð Mosfells-bæjar



Í túninu heima

2024



**10:00-17:00 FRÍTT Á GLJÚFRASTEIN**
Um þessar mundir fagnar Gljúfrasteinn – hús skáldsins 20 ára afmæli sem safn. Af því tilefni verður frítt inn á safnið um helgina. Gljúfrasteinn var heimili og vinnustaður Halldórs Laxness og fjölskyldu hans um hálfrar aldar skeið.

**11:00-14:30 ÞRÍÞRAUTARBRAUT ÁRSINS Í FIMLEIKASALNUM Í VARMÁ**
Fimleikadeild Aftureldingar setur upp flottar þríþrautarbrautir í fimleikasalnum í íþróttahúsinu að Varmá. Í boði verða tvær brautir, ein fyrir 7 ára og yngri, hin fyrir 8 ára og eldri. Hleypt er inn á heila og hálfa tímanum, 20 mínútur í senn. Kostar 1.000 kr. til fjáröflunar á betri búnaði fyrir deildina.

**11:00-16:00 LOPPUMARKAÐUR**
Loppumarkaður verður haldinn í Kjarna. Taktu þátt í gleðinni og bókaðu pláss. Athugið að þátttakendur þurfa að útvega borð, stóla o.þ.h. Hægt að skrá sig með því að senda póst á maddy@mos.is

**11:00-17:00 HÚSDÝRAGARÐURINN Á HRAÐASTÖÐUM**
Geitur, hestar, kettlingar, grísir, kálfur, hænur, kanínur, naggrísir og mörg önnur húsdýr á Hraðastöðum í Mosfellsdal. Aðgangur: 1.200 kr., frítt fyrir 2 ára og yngri.

**11:00-17:00 KAFFIHÚS MOSVERJA**
Skátafélagið Mosverjar verður með kaffihús í Skálanum í Álafosskvos. Rjúkandi heitt kakó eða kaffi ásamt ýmsu góðgæti.

**11:30-16:00 SÚPUVEISLA FRIÐRIKS V OG VINA Í ÁLAFOSSKVOS**
Matreiðslumeistarinn Friðrik V og vinir galdra fram kraftmikla kjötsúpu ásamt ljúffengri fiskisúpu og dásemdar vegansúpu. Allur ágóði fer til endurbóta á skátaheimili Mosverja.

**12:00 BARNASKEMMTUN Á HLÉGARÐSTÚNI**
Sirkussýning og húllafjör. Mikilvæg mistök er eins manns sirkussýning fyrir leikskólaaldur. Í sýningunni er notast við sirkusáhöld sem börnin tengja við eins og bolta, kubba og sápukúlur. Húlladúllan býður upp á stutta fjölskylduskemmtun og svo skellir hún í heljarinnar húllafjör þar sem við húllum öll saman. Frír aðgangur.

**12:00 HÓPAKSTUR UM MOSFELLSBÆ**
Fergusonfélagið stendur fyrir hópakstri dráttarvéla og fornbíla. Lagt af stað frá Tungubakkaflugvelli og keyrt um bæinn.

**12:00-14:00 OPIN VINNUSTOFA HJÁ LISTAPÚKANUM**
Listapúkinn og fyrrum bæjarlistamaður Mosfellsbæjar Þórir Gunnarsson býður gestum í heimsókn á vinnustofu sína í Kjarna. Listapúkinn tekur vel á móti gestum á efri hæð gömlu heilsugæslunnar.

**12:00-16:00 VERSLUN ÁSGARÐS**
Ásgarður handverkstæði veitir fötluðum einstaklingum vinnu og þjónustu. Í verslun Ásgarðs má til dæmis finna falleg tréleikföng, skrautmuni, töskur og veski og ýmsar vörur fyrir heimilið.

**12:00-16:00 ÚTIMARKAÐUR Í ÁLAFOSSKVOS**
Markaðstjöld full af fjölbreyttum varningi og ýmsar uppákomur á sviði.
- 12:00 Djasskrakkar
- 12:30 Daníel Moss
- 13:00 Rokkbál
- 13:30 Dúettinn Gleym mér ei
- 14:00 Nóri
- 14:30 Hljómsveitin Slysh
- 15:00 Ísak Dagur

**12:00-17:00 WINGS AND WHEELS – TUNGUBAKKAFLUGVÖLLUR**
Fornbílar, flugvélar og dráttarvélar verða til sýnis. Kl. 13.30 fer fram glæsilegt listflug. Stórsveit Íslands ásamt söngvurunum Viggu Ásgeirsdóttur, Ara Jónssyni og Davíð Ólafssyni verður með tónleika á staðnum kl. 14:30 og aftur kl. 15:30.

**13:00-19:00 LEIKTÆKI VIÐ HLÉGARÐ**
Leiktæki frá Kastalar leiktækjaleiga.

**13:00 LISTAMANNASPJALL Í LISTASAL MOSFELLSBÆJAR**
Ólöf Björg Björnsdóttir býður gesti velkomna í létt spjall og leiðsögn í tengslum við sýningu sína Smávægilegar endurfæðingar í Listasal Mosfellsbæjar.

**13:00-15:00 BRÚARLAND**
Öllum velkomið að kíkja og sjá nýju heimkynni félagsstarfsins og FaMos. Hlökkum til að sjá sem flesta í þessu fallega sögufræga húsi. Kaffi á könnunni.

**13:00-14:00 HESTAFJÖR**
Teymt undir börnum á Stekkjarflötinni í boði Hestamenntar.

**13:00-17:00 MYNDLISTARSÝNING BÆJARÁS 2**
Sýningin „Það sem ég sé“ eftir Hólmfríði Ólafsdóttur í bílskúrnum í Bæjarási 2.

**13:00 GALLERÍ HVIRFILL Í MOSFELLSDAL**
Bjarki Bjarnason rithöfundur les upp úr splunkunýrri skáldsögu sem heitir Gröf minninganna. Bókin verður til sölu á staðnum á sérstöku bæjarhátíðarverði.

**13:00-17:00 KARLAR Í SKÚRUM MOSFELLSBÆ – HANDVERKSSÝNING**
Opið hús að Skálahlíð 7A, Litlahlíð, á svæði Farsældartúns (áður Skálatúns). Margs konar verk til sýnis. Útskurður, tálgun, rennismíði, módelsmíði, fluguhnýtingar o.fl. Komið og fræðist um starfsemina. Kaffi og meðlæti.

**13:00-16:00 BÍLSKÚRSSALA Í BARRHOLTI 5**
Ýmislegt til sölu og margt að sjá.

**13:00 STÖLLURNAR BJÓÐA HEIM Á SUÐURÁ Í MOSFELLSDAL**
Kvennakórinn Stöllur flytur nokkur falleg íslensk lög við bæinn Suðurá í Mosfellsdal. Keyrt upp Þingvallaveginn og inn fjórða afleggjara til hægri, Reykjahlíðarveg, inn í enda og yfir brúna.

**14:00-16:00 KLIFURVEGGUR VIÐ SKÁTAHEIMILIÐ**
Sigraðu vegginn og láttu þig síga rólega niður. 8 metra hár veggurinn er áskorun fyrir börn á öllum aldri.

**14:00-18:00 OPIÐ HÚS LISTAFÓLKS Í ÁLAFOSSKVOS**
Ólöf Björg Björnsdóttir myndlistarkona fagnar listinni í Kvosinni með vinnustofusýningu að Álafossvegi 23, 3. hæð. Leiðsögn kl. 15 og 17. Verið hjartanlega velkomin og njótið lista, gleði og samveru.

**14:00-17:00 OPNAR VINNUSTOFUR OG SÝNING Í ÁLAFOSSKVOS**
Sýningin RÁM eftir Svanlaugu Aðalsteinsdóttur og opin vinnustofa Sigfríðar Lárusdóttur, Lárusar Þórs Pálmasonar og Alrúnar Aspar Herudóttur að Álafossvegi 23, 4. hæð (lyfta á gafli húss).

**14:00-17:00 TEXTÍL BARINN - BJARTAHLÍÐ 23**
Textíl Barinn verður formlega opnaður með opnunarskál. Sýning á textílverkum og vörur Textíl Barsins til sölu. Hvað ertu með á prjónunum? Taktu það með. Léttar veigar og ljúfir tónar í boði.

**14:00 AFTURELDING - HK**
Afturelding tekur á móti HK í Lengjudeild kvenna. Heimaleikur á Malbikstöðinni að Varmá kl. 14:00.

**14:00-17:00 HÓTEL LAXNES**
Opið hús á Hótel Laxnesi og innlit í svítuna. Kaffi og kleinur á Ásláki sveitakrá.

**14:00-16:00 KJÚKLINGAFESTIVAL**
Stærstu kjúklinga- og matvælaframleiðendur landsins kynna afurðir sínar, selja og gefa smakk við íþróttamiðstöðina að Varmá. Matur og skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

**14:00-17:00 STEKKJARFLÖT**
Frítt fyrir káta krakka í hoppukastala.

**15:00 BJARKARHOLT 8-20 - MOSFELLINGAR BJÓÐA HEIM**
Hljómsveitin Góð í hófi flytur valið efni úr lagasafni Eagles og Eric Clapton. Tónleikarnir hefjast klukkan 15:00 og fara fram inn af bílaplani hússins. Enginn Eagles og Eric Clapton aðdáandi verður svikinn af því að mæta og njóta alls hins besta úr lagasafni þessara frábæru tónlistarmanna og lagahöfunda.

**16:00 LAXATUNGA 11 – MOSFELLINGAR BJÓÐA HEIM**
Tónleikar með Tómasi Helga Wehmeier í garðinum í Laxatungu 11. Ekta íslensk útilegustemming í bland við gömlu góðu smellina.

**16:30 KARAMELLUKAST**
Karamellukast á Tungubökkum.

**17:00 KVÍSLARTUNGA 98 – MOSFELLINGAR BJÓÐA HEIM**
Karlakórinn Esja kemur fram á heimatónleikum í Kvíslartungu. Léttur og hefðbundinn kór með óhefðbundnu ívafi.

**17:00-21:00 GÖTUGRILL**
Íbúar í Mosfellsbæ halda götugrill í vel skreyttum götum bæjarins.

**20:00 9 ÁRA AFMÆLI HRÍMÞURSA**
Hrímþursar MC halda upp á 9 ára afmæli á Ásláki.

**21:00-23:00 STÓRTÓNLEIKAR Á MIÐBÆJARTORGI**
Skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem Mosfellsbær býður upp á stórtónleika á Miðbæjartorginu. Fram koma: Húbba Búbba, Gildran, GDRN, Hr. Eydís ásamt Ernu Hrönn, Páll Óskar og Patr!k. Kynnir Gústi Bé.

**22:00 EYJÓLFUR KRISTJÁNS Í BANKANUM**
Hinn eini sanni Eyjólfur Kristjánsson mætir með gítarinn í Bankann. Dj Geir Flóvent spilar fyrir og eftir. Frítt inn.

**23:00-03:00 STÓRDANSLEIKUR Í HLÉGARÐI**
Páll Óskar mætir í Hlégarð og heldur hátíðarball með Aftureldingu. Miðaverð á Pallaball 6.500 kr. Forsala í íþróttahúsinu að Varmá (20 ára aldurstakmark).

## Sunnudagur
### 1. september

**8:00-20:00 GOLFKLÚBBUR MOSFELLSBÆJAR**
Tveir fyrir einn af vallargjaldi á golfvellinum í Bakkakoti í Mosfellsdal um helgina.

**9:30-11:00 OPINN FJÖLSKYLDUTÍMI Í ÍÞRÓTTAHÚSINU AÐ VARMÁ.**
Fyrsti opni fjölskyldutími vetrarins í íþróttahúsinu að Varmá. Ætlað börnum á grunnskólaaldri og allri fjölskyldunni. Leikir, íþróttir, boltar, borðtennis, fimleikar, dans og margt fleira. Frítt í sund fyrir alla fjölskylduna að tímanum loknum.

**9:00-17:00 ÍÞRÓTTASVÆÐIÐ Á TUNGUBÖKKUM**
Fótboltamót Aftureldingar og Gæðabaksturs, 6. og 7. flokkur karla og kvenna.

**10:00-17:00 FRÍTT Á GLJÚFRASTEIN**
Um þessar mundir fagnar Gljúfrasteinn – hús skáldsins 20 ára afmæli sem safn. Af því tilefni verður frítt á safnið um helgina.

**11:00-17:00 HÚSDÝRAGARÐURINN Á HRAÐASTÖÐUM**
Geitur, hestar, kettlingar, grísir, kálfur, hænur, kanínur, naggrísir og mörg önnur húsdýr á Hraðastöðum í Mosfellsdal. Aðgangur: 1.200 kr., frítt fyrir 2 ára og yngri.

**12:00-16:00 SVEITAMARKAÐUR**
Alvöru uppskera í Álafosskvos þar sem bændur selja vörur sínar beint frá býli. Grænmeti í úrvali, rósir, nýjar kartöflur, gúrkur, tómatar og íslensk hollusta. Hægt er að panta bás hjá Ingibjörgu Ástu, sveitamarkadurinnmoso@gmail.com.

**12:00-16:00 KAFFIHÚS MOSVERJA**
Skátafélagið Mosverjar verður með kaffihús í Skálanum í Álafosskvos. Rjúkandi heitt kakó eða kaffi ásamt ýmsu góðgæti.

**12:00-17:00 LEIKTÆKI VIÐ HLÉGARÐ**
Leiktæki frá Kastalar leiktækjaleiga.

**13:00-17:00 KARLAR Í SKÚRUM MOSFELLSBÆ – HANDVERKSSÝNING**
Opið hús að Skálahlíð 7A, Litlahlíð, á svæði Farsældartúns (áður Skálatúns). Margs konar verk til sýnis. Útskurður, tálgun, rennismíði, módelsmíði, fluguhnýtingar o.fl. Komið og fræðist um starfsemina. Kaffi og meðlæti.

**13:00-16:00 BÍLSKÚRSSALA Í BARRHOLTI 5**
Ýmislegt til sölu og margt að sjá.

**14:00-16:00 OPNAR VINNUSTOFUR OG SÝNING Í ÁLAFOSSKVOS**
Sýningin RÁM eftir Svanlaugu Aðalsteinsdóttur og opin vinnustofa Sigfríðar Lárusdóttur, Lárusar Þórs Pálmasonar og Alrúnar Aspar Herudóttur að Álafossvegi 23, 4. hæð (lyfta á gafli húss).

**13:00-17:00 MYNDLISTARSÝNING BÆJARÁS 2**
Sýningin „Það sem ég sé“ eftir Hólmfríði Ólafsdóttur í bílskúrnum í Bæjarási 2.

**14:00-16:00 OPIÐ HÚS Á SLÖKKVISTÖÐINNI**
Slökkvistöðin við Skarhólabraut verður til sýnis fyrir hátíðargesti. Gestum býðst að skoða bíla, tæki og búnað slökkviliðsins í bílasal. Öll velkomin.

**17:00 BJARTAHLÍÐ 23 - MOSFELLINGAR BJÓÐA HEIM**
Heiða Árnadóttir söngkona og Gunnar Gunnarsson flytja lög eftir franska tónskáldið Michel Legrand. Lögin verða flutt á íslensku og eru textar eftir Árna Ísaksson og Braga Valdimar Skúlason.

**20:00 KVÖLDMESSA**
Kvöldmessa í Lágafellskirkju. Kirkjukórinn og Árni Heiðar Karlsson organisti leiða tónlistina. Sr. Arndís Linn og sr. Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir þjóna fyrir altari.


STÓRDANSLEIKUR
UMFA
ÍSLANDI ALLT
11. APRÍL 1909
PÁLL
Óskar
HLÉGARÐUR
31. ÁGÚST
23:00-03:00
MIÐAVERÐ: 6.500 KR.
FORSALA Í ÍÞRÓTTAHÚSINU AÐ VARMÁ
20 ÁRA ALDURSTAKMARK
SPRITE ZERO KLAN

# KJUKLINGA-
# festival
# í Mosfellsbæ

**LAUGARDAGINN**
**31. ÁGÚST**
**KL. 14-16**

Í túninu
HEIMA



**VIÐ ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINA AÐ VARMÁ**

## KJÚKLINGARÉTTIR FYRIR ALLA

**ÞRAUTABRAUT FYRIR KRAKKA, KRAFTAÁSKORUN O.FL.**
**GREIPUR HJALTASON MEÐ UPPISTAND**

**FRÍR KJÚKLINGUR FRÁ ÍSFUGLI OG MATFUGLI**
**EINNIG VERÐA Á STAÐNUM DIRTY BURGER AND RIBS, WINGMAN OG BARION**

Coca-Cola ÍSFUGL Matfugl KFC DIRTY BURGER & RIBS STEYPUSTÖÐIN BARION THE WINGMAN

## Opnað hefur verið fyrir umsóknir í félagshesthús Harðar fyrir tímabilið 2024-2025



Þetta er skemmtilegt tækifæri fyrir krakka sem eru á 12. til 16. ári á starfsárinu 2024 og eru með hest, til að komast inn í hestamennskuna og kynnast félagsstarfinu í Herði. Reglulega eru fræðsluerindi eða verklegir viðburðir svo sem sírkustrix, hestanudd, hringteymingar, skipta faxi, skyndihjálp og svo framvegis, allt eftir óskum þátttakenda, farið í reiðtúr eða eitthvað annað skemmtilegt gert saman.

***Í boði eru 10 pláss á þessu ári, fyrstir koma fyrstir fá***

HÖRÐUR

**Nánari upplýsingar og hlekkur til að sækja um á heimasíðu Harðar**

**www.hordur.is**




# Hleinarar buðu í pylsupartý

Flottasta partý síðustu viku var klárlega á Hlein þegar íbúar nýttu sér sólina og buðu starfsfólki, ættingjum og velunnurum í alvöru pylsupartý.

Ellý matráður grillaði hátt í 100 pylsur og tónlistarmaðurinn Jón Sigurðsson (fimmhundruðkallinn) söng og spilaði svo allir komust í sannkallaða hátíðarstemningu. Hátíðin heppnaðist mjög vel og senda íbúar á Hlein öllum bestu kveðjur.

Hlein er staðsett á lóð Reykjalundar og er sambýli fyrir einstaklinga sem hafa fatlast mikið af völdum sjúkdóma eða slysa.







**STARFSFÓLK ÓSKAST**

Nánari upplýsingar í gegnum netfangið velsveinn@velsveinn.is eða á staðnum.





## Lopidraumur er vörulína frá Ístex hf sem hefur notið mikilla vinsælda, vörurnar eru umhverfisvænn kostur úr náttúrulegum efnum og OEKO-TEX 100-vottaðar.

Í línunni eru sængur, koddar og yfirdýnur fyllt með íslenskri ull. Um er að ræða hágæða sængur, kodda og yfirdýnur úr íslenskri ull frá íslenskum bændum. Við erum með þrjár gerðir af sængum, Emblu-heilsárssæng, Iðunni-vetrarsæng og Bestlu sem er afar ullarmikil þung sæng. Fólk getur því valið á milli eftir því hversu heitfengt það er.



Fólk er ánægt með hvað sængurnar eru léttar og hvað þær anda vel. Ullin er temprandi þannig að manni líður alltaf vel, fólki er mátulega heitt en aldrei of heitt.

HÆGT ER AÐ LESA MEIRA UM VÖRURNAR Á WWW.LOPIDRAUMUR.IS

LOPI DRAUMUR






VORVERK.IS
Bálpönnur
og úrval fylgihluta fyrir eldunina
ESPEGARD
Velkomin í verslun Vorverks, Þverholti 2 í Mosfellsbæ
Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-16

**Gunnar Birgisson** *fjölmiðlamaður og knattspyrnuþjálfari segir það mikinn heiður að fá að starfa við sín aðaláhugamál*

# Líf mitt snýst um íþróttir



**Gunnar Birgisson þekkja margir af skjánum en hann hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli sem íþróttafréttamaður. Gunnar hefur einnig sinnt öðrum dagskrárliðum hjá RÚV eins og Landanum, Skólahreysti og Eurovision söngvakeppninni en hann fylgdi íslensku Eurovisionförunum eftir í Malmö í Svíþjóð sl. vor.**

**Gunnar sem hefur starfað í fjölmiðlum frá árinu 2010 segir Eurovisionævintýrið og Ólympíukvöldin frá nýafstöðnum Ólympíuleikum vera það skemmtilegasta sem hann hefur gert á sínum starfsferli.**

Gunnar er fæddur á Sauðárkróki 14. júlí 1994. Foreldrar hans eru Þorgerður Sævarðóttir kennari og nuddari og Birgir Gunnarsson framkvæmdastjóri Þjóðkirkjunnar. Gunnar á tvö systkini, Sævar f. 1988 og Birgittu f. 2001.

### Allt til staðar á þessum tíma

„Ég er alinn upp á Sauðárkróki og bý að því í dag að hafa notið þeirra forréttinda að alast upp úti á landi. Þetta var lítið og samheldið samfélag og allt sem maður þarfnaðist var til staðar á þeim tíma. Maður lék sér úti allan liðlangan daginn með systkinum sínum og vinum. Á veturna var vinsælt að vera á skíðum í götunni okkar og á sumrin lék maður sér í fótbolta eða körfubolta.

Við flytjum í Mosfellsbæ þegar ég var á leið í 8. bekk og ég er þakklátur fyrir það þótt ég hafi verið allt annað en sáttur við foreldra mína þegar þau tilkynntu flutninginn á sínum tíma. Hér í Mosó hef ég eignast mína bestu vini, kynnst kærustunni minni og búið til dásamlegt líf.“

### Sumarkvöldin voru góð

„Æskuminningarnar eru margar og góðar, ég fékk frábært tónlistaruppeldi heima í Hólatúninu, Bubbi, ELO, Bob Dylan, Eagles og Michael Jackson. En keppnir milli okkar systkinanna í hinum ýmsu íþróttagreinum og þá eina helst gönguskíðum á veturna standa upp úr. Sævar bróðir kunni á alla takkana mína eins og ég síðan eflaust með Birgittu litlu systur. Ég á enn þann dag í dag eftir að finna eitthvað sem ég get unnið hann í,“ segir Gunnar og brosir.

Árlegar ferðir á Andrésar Andar leikana á skíðum á Akureyri voru líka eftirminnilegar, árið miðaðist svolítið við þá keppni. Sumarkvöldin voru líka góð, þá lék maður sér úti í fótbolta eða gerði einhver prakkarastrik. Í minningunni var alveg nóg af þeim og eflaust of mikið af þeim. Hugsa að ég hafi verið nokkuð krefjandi ungur maður með mikið skap sem kom mér oft í vandræði.“



*Fjölskyldan á Spáni, Gunnar, Velina og Anna Sóley.*


Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is




### Keppnisskapið fleytti mér langt

„Ég byrjaði í Árskóla á Sauðárkróki og var þar þangað til í 6. bekk, frábær skóli með skemmtilegum kennurum. Árið 2006 flytjum við fjölskyldan til Noregs í eitt ár og þá fór ég í Sore Ål skole í Lillehammer, stórkostlegt ár.

Árið 2008 flytjum við fjölskyldan svo í Mosfellsbæ og þá fór ég í Varmárskóla, sá skóli þótti mér til fyrirmyndar í öllu. Ég verð seint talinn afburða námsmaður en keppnisskapið fleytti mér nægilega langt til að standast allt saman með sæmd.

Á sumrin með skólagöngunni vann ég á útisvæðinu við Reykjalund, auk þess starfaði ég við knattspyrnuþjálfun hjá Aftureldingu.“

### Flutti til Siglufjarðar

„Eftir útskrift úr gagnfræðaskóla ætlaði ég mér beint í Verzlunarskóla Íslands en komst ekki inn. Í einhverju gríni setti ég Menntaskólann á Egilsstöðum í annað sætið í vali því ég var svo viss um að komast inn en allt í einu stóð ég uppi skólalaus.

Ég flutti þá norður á Siglufjörð til ömmu minnar og tók eina önn í Menntaskólanum á Tröllaskaga. Fór síðan í hálft ár til Svíþjóðar til að æfa með sænskum skíðamenntaskóla í Jonsköping og komst svo inn í Verzló ári seinna en planlagt var.“

### Það þurfti smá sannfæringarkraft

Þegar Gunnar var á síðasta ári í Verzlunarskóla Íslands sótti hann um að verða íþróttalýsandi hjá RÚV í kringum Ólympíuleikana í Sochi árið 2014. Hann var ráðinn til starfa og hefur verið þar allar götur síðan.

„Það þurfti smá sannfæringarkraft til að fá skólastjórnendur til að trúa því að þetta væri eitthvað sem ég myndi vilja starfa við í framtíðinni. Þeir gáfu mér sem betur fer leyfi til að fara og lýsa og ég held að það sé akkúrat það sem skólakerfið ætti að gera þegar svona tækifæri bjóðast.

Árin á RÚV hafa verið frábær, ég er alinn upp í íþróttaumhverfi og það er mikill heiður að fá að starfa við sitt aðaláhugamál, sem íþróttafréttamaður,“ segir Gunnar og brosir.

### Sé ekki eftir að hafa þegið þetta boð

Gunnar hefur ekki eingöngu séð um íþróttafréttir fyrir Ríkissjónvarpið því hann hefur einnig komið að dagskrárgerð í Landanum, verið kynnir í Skólahreysti og svo fylgdi hann íslensku Eurovisionförunum til Svíþjóðar sl. vor.

„Eurovision er líklega eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert á starfsferlinum. Þetta kom upp með stuttum fyrirvara og ég sé ekki eftir að hafa þegið þetta boð, að fara út sem fréttamaður og fjalla um þessa áhugaverðu keppni. Það er svo mikil gleði, allt svo risastórt og stærra en maður hafði ímyndað sér.

> *Hér í Mosfellsbæ hef ég eignast mína bestu vini, kynnst kærustunni minni og búið til dásamlegt líf.*

Það skemmir ekki fyrir að við Mosfellingar erum svo rík af listamönnum að þeir spretta upp á hverju strái. Að fá að fylgja Heru Björk eftir í þessari keppni voru því líka forréttindi, eitthvað sem maður lærði mikið af.“

### Þetta starf er mér mjög kært

„Ég hef verið knattspyrnuþjálfari í 15 ár samhliða starfi mínu hjá RÚV, fyrst hjá Aftureldingu og nú hjá Breiðabliki og það starf er mér mjög kært. Að fá að taka þátt í uppeldi og að móta ung börn er eitthvað sem ég ber mikla virðingu fyrir og reyni að gera eins vel og ég mögulega get.

Mér þykir óskaplega vænt um að sjá litlu drengina sem ég þjálfaði fyrir 10-15 árum vera orðna að fullorðnum mönnum og standa sig vel í lífinu.“

### Stefnumót í sundlaug

Unnusta Gunnars heitir Velina Apostolova, hún starfar sem verkefnisstjóri hjá Högum og er einnig fyrirliði blakliðs Aftureldingar í úrvalsdeild kvenna. Þau eiga saman dótturina Önnu Sóleyju f. 2020.

„Við Velina erum bæði mikið í íþróttum og á veturna þá fara kvöldin mikið í æfingar hjá okkur. Anna Sóley fylgir okkur hvert fótmál þannig að hinn hefðbundni kvöldmatartími er svo sem ekki til á okkar heimili. Fjölskyldan sameinast líka oft í sundlaugum Mosfellsbæjar sem er viðeigandi því fyrsta stefnumót okkar Velinu var einmitt í sundi,“ segir Gunnar og brosir.

„Um helgar fylgjum við dóttur okkar eftir í fimleikatímum hjá Aftureldingu og í íþróttaskólanum. Okkur finnst líka gaman að fara út að leika í okkar frábæra Helgafellshverfi og sömuleiðis að hitta ættingja og vini yfir kaffibolla.“

## HIN HLIÐIN

**Eitt atriði um þig sem fólk veit ekki um?** Ég er einstaklega lofthræddur og það verður meira með hverju árinu sem líður.

**Besta heilræði sem þú hefur fengið?** Gunnar afi minn og nafni var vanur að segja við mig að ég gæti allt sem ég ætlaði mér, ég hef reynt að tileinka mér það.

**Fyrstu tónleikarnir?** Van Morrison tónleikarnir í Laugardalshöll árið 2004 með pabba og bróður mínum.

**Eftirminnilegasta ferðalagið?** Fyrsta ferðalagið mitt til Búlgaríu með konunni minni og Flórídaferð okkar æskuvinanna, Antons Ara og Elvars, árið 2015.

**Hvað hefur haft mest áhrif á líf þitt?** Fæðing dóttur minnar lét mann sjá lífið í öðru og bjartara ljósi, hún gerir allt betra blessunin.

**Best fyrir líkama og sál?** Eitthvað sem maður gerir reglulega, líklega góð sundferð í Varmárlaug með fjölskyldunni minni.



Í VINNUNNI HJÁ RÚV



6 ÁRA Í NOREGI



Á GÖNGUSKÍÐUM

*Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.*






# ÁLAFOSS KÓRINN

getur bætt við sig söngröddum.

Æfingar eru á þriðjudagskvöldum milli kl. 19 og 21 í Kvíslaskóla í Mosfellsbæ.

Verkefni vetrarins eru léttar og skemmtilegar dægurperlur frá ýmsum tímum.

Stjórnandi kórsins er Örlygur Atli Guðmundsson.

Upplýsingar veita
Katrín Ragnarsdóttir
í síma 868 0114 og
Kristbjörg Magnúsdóttir
í síma 896 2727

alafosskorinn1980@gmail.com

ÁLAFOSS KÓRINN
STOFNAÐUR ÁRIÐ 1980



# Opið hús fyrir eldri borgara Mosfellsbæjar

Hlégarður, miðvikudaginn 28. ágúst kl. 14-16.

Kynnt verður sú þjónusta sem eldri borgurum stendur til boða í sveitarfélaginu.

Þjónustuaðilar verða með kynningarbása þar sem gefst tækifæri til að afla nánari upplýsinga um það starf sem er í boði hjá hverjum og einum aðila.

**Dagskrá:**
14:00 Setning.
14:15 Fyrirlesturinn „Það er pláss fyrir alla".
Vitundarvakning Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis um félagslega einangrun. Líney Úlfarsdóttir sálfræðingur og Svavar Knútur söngvaskáld.
14:45 Kynningarbásar opnaðir.
16:00 Dagskrárlok.

**Heitt verður á könnunni. Öll velkomin!**

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700



## Motocrosskeppni í MotoMos um helgina

Íslandsmeistarakeppni í motocross fer fram í MotoMos brautinni á Tungumelum laugardaginn 31. ágúst. Brautin er staðsett fyrir aftan iðnaðar hverfið að Tungumelum. Keppt verður í eftirfarandi flokkum: 65cc hjól, 85cc hjól, kvennaflokk, unglingaflokk og meistaraflokk Keppni byrjar kl. 10:40 og stendur til kl. 15:50. Verðlaunaafhending kl. 16:30. Allir bestu ökumenn landsins mæta á svæðið og lof klikkuðum tilþrifum. Áhorfendur eru hvattir til að mæta en þeir munu hafa góða yfirsýn yfir brautina. Frítt inn á svæðið og sjoppa á staðnum.

## Ráðin nýr rekstrarstjóri Aftureldingar



Þórdís María Aikman hefur verið ráðin rekstrarstjóri Aftureldingar. Þórdís er þrítugur Mosfellingur, rekstrarverkfræðingur og kemur til félagsins frá Omnom þar sem hún hefur gengt stöðu rekstrarstjóra undanfarin ár. „Ég hlakka mikið til þess að hefja störf hjá Aftureldingu. Íþróttir og hreyfing eru mér allt og því eru það mikil forréttindi að fá að vera hluti af þeirri frábæru uppbyggingu sem er að eiga sér stað hjá klúbbnum.“



# Kastaði 17,39 metra á Ólympíuleikunum

**Mosfellingurinn Erna Sóley Gunnarsdóttir keppti í kúluvarpi á Ólympíuleikunum sem fram fóru í París í sumar.**

**Erna Sóley var þar með fyrsta íslenska konan til að keppa í kúluvarpi á Ólympíuleikunum en áður höfðu sjö íslenskir karlar keppt í greininni.**

**Erna Sóley tryggði sér sætið á leikunum með því að bæta Íslandsmetið í kúluvarpi rétt áður en fresturinn rann út og öðlaðist þannig rétt á að keppa á sínum fyrstu Ólympíuleikum.**

**Hún stóð sig mjög vel, endaði í 20. sæti og kastaði lengst 17,39 metra. Erna Sóley kemur reynslunni ríkari heim af leikunum og stefnir ótrauð á næstu Ólympíleika sem haldnir verða að fjórum árum liðnum.**

## Þrenn gullverðlaun

Íslandsmót í réttstöðulyftu fór fram á Akureyri. Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar gerði sér lítið fyrir og landaði þremur gullverðlaunum á mótinu.

Helgi Kristberg Ólafsson sigrði í 93 kg flokki og er nú komin í landsliðið. Guðmundur Logi Ólafsson sigraði í 74 kg flokki og Stefán Kári Stefánsson í 66 kg flokki.







# Mosfellingar taka sín fyrstu skref með unglingalandsliðinu

Aftureldingar krakkar á ferð og flugi með yngri landsliðum Íslands

Í byrjun ágúst tóku leikmenn frá Aftureldingu þátt í landsliðsverkefni á vegum KKÍ. Afturelding átti þrjá leikmenn í U15 ára landsliði drengja, þá Björgvin Má Jónsson, Dilanas Sketrys og Sigurbjörn Einar Gíslason en U15 eru leikmenn fæddir árið 2009. Einnig er gaman að nefna að Elín Heiða Hermannsdóttir sem tók sín fyrstu skref með Aftureldingu í körfubolta, keppti fyrir U15 kvennalið Íslands en hún leikur nú með Fjölni þessi misserin og stendur sig frábærlega.

### Kjöraðstæður fyrir íþróttamenn

Krakkarnir héldu út þann 2. ágúst til Finnlands á fjögurra liða mót þar sem saman voru komin lið heimamanna í Finnlandi auk Þýskalands, Danmerkur og Íslands. Mótið var haldið í Kisakallio en þangað er um 40 mínútna akstur frá Helsinki. Ótrúlega skemmtilegt íþróttasvæði þar sem allt er til alls og kjöraðstæður fyrir íþróttamenn að taka framförum og verða betri í mjög framsæknu umhverfi.

Dagskrá mótsins var þannig að fyrst var leikið gegn Finnum, þá Þjóðverjum og svo Dönum en að lokum svo leikið um sæti. Í stuttu máli hafðist einn sigur í riðlinum eftir spennandi leik við Þýskaland en tvo töp gegn Finnum og Dönum staðreynd.



ELÍN HEIÐA, DILANAS, BJÖRGVIN OG SIGURBJÖRN

Leikið var aftur við Þjóðverja um þriðja sætið þar sem andstæðingarnir náðu fram hefndum og sigruðu að lokum 69-61. Stelpuliðið hafnaði í þriðja sæti eftir sigur gegn Dönum.

### Þeir fyrstu úr Aftureldingu

Það er mikill heiður að vera valinn úr stórum hópi leikmanna í klakahóp yngri landsliða og þessir einstaklingar voru að klára sína fyrstu fjóra landsleiki vonandi af fjölmörgum fyrir hönd Íslands.

Þetta er í fyrsta skiptið sem Afturelding á uppalda stráka í landsliðsverkefnum en til gamans má nefna að Aftureldingar er eina félagið á Íslandi í karlaboltanum sem átti þrjá einstaklinga úr sama liðinu.

Þessir drengir voru einmitt í hópnum sem varð Íslandsmeistarar í körfuknattleik í vor en það var í fyrsta skipti í sögu félagsins. Þetta eru fyrstu af vonandi fjölmörgum einstaklingum sem munu taka þátt fyrir hönd Aftureldingar í landsliðsverkefnum Körfuknattleikssambands Íslands.


AFTURELDINGAR VÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR

JAKO SPORT ÍSLANDI

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR

Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is









**Strákarnir í 5.fl.kk. í fótbolta þakka styrktaraðilum kærlega fyrir stuðninginn á N1 mótinu á Akureyri í sumar**








SLEGGJAN

hagar

Múr & Mál

MOSFELLINGUR

B.Ó. SMIÐIR

ÍSLOFT
BLIKK OG STÁLSMIÐJA EHF.
587 6666 - BÍLDSHÖFÐA 12 - ISLOFT@ISLOFT.IS

# AFTURELDING

Tímatöflur deilda veturinn 2024-2025

**SKRÁNINGAR Á HAUSTÖNN ERU HAFNAR Á SPORTABLER.COM/SHOP/AFTURELDING**

## BLAK

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | LAUGARDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **U12 blandað**<br>5 -6.bekkur | 14:30-15:30<br>SALUR 3 VARMÁ | | | 14:30-15:30<br>SALUR 3 VARMÁ | 14:30-15:30<br>SALUR 3 VARMÁ | |
| **U14**<br>7 - 8 bekkur | 15:00-16:30<br>SALUR 3 VARMÁ | | 15:30-17:00<br>SALUR 3 VARMÁ | 15:00-16:30<br>SALUR 3 VARMÁ | 15:00-16:30<br>STYRKUR Í SAL | |
| **U16/U18** | | 17:00-18:30<br>SALUR 3 VARMÁ | 17:00-18:30<br>SALUR 3 VARMÁ | 16:30-18:00<br>SALUR 3 VARMÁ | 16:30-18:00<br>SALUR 3 VARMÁ | |
| **1. d kvk** | 19:30-21:00<br>SALUR 3 VARMÁ | 17:00-18:30<br>SALUR 3 VARMÁ | | 19:30-21:00<br>SALUR 3 VARMÁ | | 10:30-12:00<br>SALUR 3 VARMÁ |
| **U-lið 5.d kvk)** | | 17:00-18:30<br>SALUR 3 VARMÁ | 17:00-18:30<br>SALUR 3 VARMÁ | 16:30-18:00<br>SALUR 3 VARMÁ | 16:30-18:00<br>SALUR 3 VARMÁ | |
| **U lið kk** | 16:30-18:00<br>SALUR 3 VARMÁ | | 17:00-18:30<br>SALUR 3 VARMÁ | 16:30-18:00<br>SALUR 3 VARMÁ | 16:30-18:00<br>SALUR 3 VARMÁ | |
| **Úrvalsd. kvk** | 19:30-21:00<br>SALUR 3 VARMÁ | 20:00-21:20<br>SALUR 3 VARMÁ | 18:30-20:00<br>SALUR 3 VARMÁ | | 18:00-19:30<br>SALUR 3 VARMÁ | |
| **Úrvalsd. kk** | 18:00-19:30<br>SALUR 3 VARMÁ | 18:30-20:00<br>SALUR 3 VARMÁ | | 18:00-19:30<br>SALUR 3 VARMÁ | 19:30-21:00<br>SALUR 3 VARMÁ | 12:30-14:00<br>SALUR 3 VARMÁ |
| **2./3. d. kvk** | 19:30-21:00<br>SALUR 3 VARMÁ | | | 19:30-21:00<br>SALUR 3 VARMÁ | | 10:30-12:00<br>SALUR 3 VARMÁ |
| **4./5. d. kvk** | 21:00-22:30<br>SALUR 3 VARMÁ | | | 19:30-21:00<br>SALUR 3 VARMÁ | | 10:20 -12:00<br>SALUR 3 VARMÁ |
| **3. d. kk** | 19:30-21:00<br>SALUR 3 VARMÁ | | | 21:00-22:30<br>SALUR 3 VARMÁ | | |
| **Byrjendablak** | 21:00-22:30<br>SALUR 3 VARMÁ | | | 21:00-22:30<br>SALUR 3 VARMÁ | | |

## TAEKWONDO

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | LAUGARDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|
| **11 ára og yngri**<br>byrjendur | | 17:00-17:45 | 16:30-17:15 | 17:00-17:45 | |
| **11 ára og yngri**<br>framhald | 17:00-18:00 | | 17:15-18:15 | 17:45-18:45 | |
| **Þol, þrek og sjálfsvörn**<br>12+ | | | | 18:45-20:15 | |
| **Sparring 12+**<br>12-14 ára | 18:00-19:00 | | | | |
| **Keppnissparring**<br>12 ára og eldri | 19:00-20:30 | | | | |
| **Poomsae 1**<br>12 ára og eldri | | | 18:15-19:15 | | |
| **Poomsae 2**<br>12 ára og eldri | | | 19:15-20:30 | | |
| **Keppnispoomsae**<br>12 ára og eldri rauð belti og hærra | | | 20:30-21:30 | | |
| **Teygjur og bandvefslosun** | | | | 20:15-21:00 | |
| **Freestyle Poomsae**<br>12 ára og eldri | | 19:30-20:30 | | | |
| **Krílatími** | | | | | 10:00-10:45 |
| **Daedo brynjuæfingar á völdum dagsetningum** | | | | | 11:00 - 12:30 |

sportabler

**SKRÁNINGAR Á HAUSTÖNN ERU HAFNAR Á**

**SPORTABLER.COM/SHOP/AFTURELDING**

Æfingatöflur eru birtar með fyrirvara um breytingar

**AFTURELDING**
Tímatöflur deilda veturinn 2024-2025

# FIMLEIKAR

| FLOKKUR/ÁRGANGAR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | SUNNUDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Krílahópur** f. 2022 | | | | | | 9-9:50 |
| **Bangsahópur** f. 2021 | | | | | | 10-10:50 |
| **Hvolpahópur** f. 2020 | | | | | | 11-11:50 |
| **Grunnhópur 1** f. 2019 | | | | | | 12:00-12:50 |
| **Grunnhópur 2** f. 2019 og 2020 | | | | | | 13:00-13:50 |
| **Undirbúningsh. (Varmá)** 1. bekkur kvk" | 14:00-15:00 | | | 14:00-15:00 | | |
| **Undirbúningsh. (aðrir skólar)** 1. bekkur kvk" | 15:15-16:15 | | | 15:15-16:15 | | |
| **Undirbúningsh. (allir skólar)** 1. bekkur kk" | 15:15-16:15 | | | 15:15-16:15 | | |
| **6. flokkur Varmá** 2. bekkur kvk" | | 14:00-15:00 | 14:00-15:00 | | 14:00-15:00 | |
| **6. flokkur (aðrir skólar)** 2. bekkur kvk" | | 15:15-16:15 | 15:15-16:15 | | 15:15-16:15 | |
| **Undirbúningsh. (allir skólar)** 2. bekkur kk" | | 15:15-16:15 | 15:15-16:15 | | 15:15-16:15 | |
| **Fullorðinsfimleikar** 18 og eldri" | | 20:00-21:30 | | 20:00-21:30 | | |

# SUND

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | LAUGARDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Selir** 1. bekkur | | 15:10-15:50 LÁGAFELL INNI | | 15:10-15:50 LÁGAFELL INNI | | |
| **Höfrungar** 2. bekkur | | 16:00-16:40 LÁGAFELL INNI | | 16:00-16:40 LÁGAFELL INNI | | |
| **Brons: Snillingar** 3-4. bekkur | | 16:15-17:00 LÁGAFELL ÚTI | | 16:15-17:00 LÁGAFELL ÚTI | 16:15-17:00 LÁGAFELL INNI | |
| **Brons: Meistarar** 3.-4. bekkur | | 17:15-18:00 LÁGAFELL ÚTI | | 17:15-18:00 LÁGAFELL ÚTI | 17:15-18:00 LÁGAFELL INNI | |
| **Silfur** 5.-6. bekkur | 16:15-17:15 LÁGAFELL ÚTI | | 15:15-16:15 LÁGAFELL ÚTI | | 16:15-17:15 LÁGAFELL ÚTI | 8:00-10:00 SALUR/ÚTI |
| **Silfur** 5.-6. bekkur | 15:15-16:15 LÁGAFELL ÚTI | 18:00-19:30 LÁGAFELL ÚTI | | | 15:15-16:15 LÁGAFELL ÚTI | 8:00-10:00 SALUR/ÚTI |
| **Gull** 7.-8. bekkur | 17:30-19:30 LÁGAFELL ÚTI | 18:00-19:30 LÁGAFELL ÚTI | 17:30-19:30 LÁGAFELL ÚTI | | 17:30-19:30 LÁGAFELL ÚTI | 12:00-14:00 ÁSVALLALAUG |
| **Gull þrek** 7.-8. bekkur | | | | 15:00-16:00 WORLD CLASS | | 10:00-11:00 WORLD CLASS |
| **Gullhópur A** 9. bekkur og eldri | | 6:10-7:15 LÁGAFELL ÚTI | | | | |
| **Gullhópur A** 9. bekkur og eldri | 17:30-19:30 LÁGAFELL ÚTI | 6:10-7:15 LÁGAFELL ÚTI | 17:30-19:30 LÁGAFELL ÚTI | 18:00-20:00 LÁGAFELL ÚTI | 17:30-19:30 LÁGAFELL ÚTI | 12:00-14:00 ÁSVALLALAUG |
| **Fjör í vatni 2. stig** 2019 | | 16:50-17:20 LÁGAFELL INNI | | | | |
| **Fjör í vatni 2. stig** 2019 | | 17:30-18:00 LÁGAFELL INNI | | | | |
| **Fjör í vatni 1. stig** 2019-2020 | | | 16:20-16:50 LÁGAFELL INNI | | | |
| **Fjör í vatni 2. stig** 2019-2020 | | | 17:00-17:30 LÁGAFELL INNI | | | |

# FRJÁLSAR

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | LAUGARDAGUR | SUNNUDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **8-10 ára** | 15:30-16:20 VARMÁ | | 15:30-16:20 VARMÁ | | | | |
| **11-14 ára** | 16:30-17:30 VARMÁ | | 16:30-17:30 VARMÁ | | | | |

Æfingatöflur eru birtar með fyrirvara um breytingar

# HANDBOLTI

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|
| **9. flokkur kvk & kk**<br>Leikskóli | | | 16:00 - 17:00<br>SALUR 1 | | |
| **8. flokkur kvk**<br>1. og 2. bekkur | | 15:00 - 16:00<br>SALUR 1 | | | 15:00 - 16:00<br>SALUR 1 |
| **7 flokkur kvk**<br>3. og 4. bekkur | | | 15:00 - 16:00<br>SALUR 1 | 16:00 - 17:00<br>SALUR 2 | |
| **6. flokkur kvk**<br>5. og 6. bekkur | | 15:00 - 16:00<br>SALUR 2 | 15:00 - 16:00<br>SALUR 2 | | 15:00 - 16:00<br>SALUR 2 |
| **5. flokkur kvk**<br>5. og 6. bekkur | 19:30 - 20:30<br>SALUR 1 | 17:00 - 18:00<br>SALUR 1 | 17:00 - 18:00<br>SALUR 1 | 16:00 - 17:00<br>SALUR 1 | |
| **Markmenn**<br>Allir flokkar | 16:00 - 17:00<br>SALUR 2 | | | | |
| **9. flokkur kvk & kk**<br>Leikskóli | | | 16:00 - 17:00<br>SALUR 1 | | |
| **8. flokkur kk**<br>1. og 2. bekkur | 15:00 - 16:00<br>SALUR 1 | | | 15:00 - 16:00<br>SALUR 1 | |
| **7 flokkur kk**<br>3. og 4. bekkur | 16:00 - 17:00<br>SALUR 1 | | | 15:00 - 16:00<br>SALUR 2 | |
| **6. flokkur kk**<br>5. og 6. bekkur | 17:00 - 18:00<br>SALUR 1 | 15:00 - 16:00<br>SALUR 2 | 15:00 - 17:00<br>SALUR 2 | | 17:00 - 18:00<br>SALUR 1 |
| **5. flokkur kk**<br>7. og 8. bekkur | 18:30 - 19:30<br>SALUR 2 | 16:00 - 17:00<br>SALUR 2 | | 19:30 - 20:30<br>SALUR 1 | 15:00 - 16:00<br>SALUR 2 |
| **4. flokkur kk**<br>9. og 10. bekkur | 20:30 - 22:00<br>SALUR 1 | 19:30 - 21:00<br>SALUR 1 | 19:30 - 21:00<br>SALUR 1 | 17:00 - 18:00<br>SALUR 1 | 19:30 - 21:30<br>SALUR 2 |
| **3. flokkur kk**<br>16-18 ára | 19:30 - 21:30<br>SALUR 2 | 18:30 - 20:00<br>SALUR 2 | 18:30 - 20:00<br>SALUR 2 | 18:30 - 20:00<br>SALUR 2 | 17:30 - 19:00<br>SALUR 2 |
| **Markmenn**<br>Allir flokkar | 16:00 - 17:00<br>SALUR 2 | | | | |

# BADMINTON

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | SUNNUDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|
| **U-9** | | 15:00-15:45<br>LÁGAFELL | | 15.30-16.15<br>LÁGAFELL | |
| **U-11** | | 15:45-16.45<br>LÁGAFELL | | 16:15-17:15<br>LÁGAFELL | |
| **U-13** | | 16.45-18:00<br>LÁGAFELL | | 17:15-18:30<br>LÁGAFELL | 10:00-11:00<br>LÁGAFELL |
| **Unglingaflokkur (u15-u19)** | 20:00-21:30<br>VARMÁ | | 20:00-21:30<br>VARMÁ | 18:30-20:00<br>LÁGAFELL | 10:00-11:00<br>LÁGAFELL |
| **Fullorðinshópur** | 20:00-22:00<br>VARMÁ | | | 20:00-21:30<br>LÁGAFELL | |
| **Keppnishópur** | | | 20:00-22:00<br>VARMÁ | | 11:00-13:00<br>LÁGAFELL |

# HJÓLREIÐAR

| FLOKKUR/ALDUR | ÞRIÐJUDAGUR | FIMMTUDAGUR |
|---|---|---|
| **Unglingaæfingar**<br>Fjallahjól | 17.00-18.30<br>15. ÁG. - 15. SEPT. | 17.00-18.30<br>15. ÁG. - 15. SEPT. |
| **Fullorðnir**<br>Fjallahjól | 17.30-19.00<br>TIL 31. OKT. INNIÆFINGAR EINU SINNI Í VIKU<br>EFTIR ÞAÐ, MÁNUDAGAR KL.18.00 | 17.30-19.00<br>TIL 31. OKT. INNIÆFINGAR EINU SINNI Í VIKU<br>EFTIR ÞAÐ, MÁNUDAGAR KL.18.00 |

sportabler

**SKRÁNINGAR Á HAUSTÖNN ERU HAFNAR Á**

**SPORTABLER.COM/SHOP/AFTURELDING**

Æfingatöflur eru birtar með fyrirvara um breytingar

**AFTURELDING**

Tímatöflur deilda veturinn 2024-2025

# KNATTSPYRNA

** Birt með fyrirvara um annan hvorn tíman

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | LAUGARDAGUR | SUNNUDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **8. flokkur kk** | | 17:00-18:00 FELLIÐ | | | 16:30-17:30 FELLIÐ** | 10:30-11:30 FELLIÐ** | |
| **7. flokkur kk** | | 15:30-16:30 FELLIÐ | 15:30-16:30 | | 15:30-16:30 FELLIÐ | | |
| **6. flokkur kk** | | 14:30-15:30 FELLIÐ | 14:30-15:30 | | 14:30-15:30 FELLIÐ | | |
| **5. flokkur kk** | 15:30-16:30 | 15:30-16:30 | | 15:30-16:30 | 15:30-16:30 | | |
| **4. flokkur kk** | 16:30-17:30 | | 16:30-17:30 | 16:30-17:30 | | 08:30-09:30 | |
| **3. flokkur kk** | 17:30-18:30 | 20:00-21:00 F+GG | 17:30-18:30 | 18:30-20:00 FELLIÐ | | | |
| **2. flokkur kk** | 20:00-21:00 F+GG | | 18:30-20:00 FELLIÐ | 19.00-20.30 | 19:00-20:00 F+gg | | |
| **8. flokkur kvk** | | | 17:30-18:30 FELLIÐ | | | 09:30-10:30 FELLIÐ | |
| **7. flokkur kvk** | 15:30-16:30 FELLIÐ | | 15:30-16:30 FELLIÐ | 15:30-16:30 FELLIÐ | | | |
| **6. flokkur kvk** | 14:30-15:30 FELLIÐ | | 14:30-15:30 FELLIÐ | 14:30-15:30 FELLIÐ | | | |
| **5. flokkur kvk** | 16:30-17:30 FELLIÐ | 16:30-17:30 | | 16:30-17:30 FELLIÐ | 16:30-17:30 | | |
| **4. flokkur kvk** | 18:30-19:30 | 16:30-17:30 | | 17:30-16:30 FELLIÐ | | 09:30-10:30 | |
| **3. flokkur kvk** | 18:30-20:00 FELLIÐ | 19:00-20:00 | 20:00-21:00 | | 16:30-17:30 | | |
| **2. flokkur kvk** | 18:30-20:00 FELLIÐ | 19:00-20:00 | 20:00-21:00 | | | 11:30-12:30 FELLIÐ | |

# KÖRFUBOLTI

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | LAUGARDAGUR | SUNNUDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. og 2. flokkur** KK og KVK | 15:00-16:00 LÁGAFELL | | | | | 09.30-10.30 LÁGAFELL | |
| **3. flokkur** KK og KVK | 16:00-17:00 LÁGAFELL | | 16:00-17:00 LÁGAFELL | | | 10.30-11.30 LÁGAFELL | |
| **3 - 6. flokkur** kvenna | | | | | 15:00-16:00 LÁGAFELL OPNAR STELPUÆFINGAR | | |
| **5. og 6. flokkur** KK | | 16:00 - 17:00 VARMÁ SALUR 3 | 15:00-16:00 LÁGAFELL | | 16:00-17:00 LÁGAFELLI | 11.30-12.30 LÁGAFELL | |
| **7. flokkur** KK | 17:00-18:00 LÁGAFELL | 15:00-16:00 VARMÁ SALUR 3 | 18:00-19:00 LÁGAFELL | STYRKUR | 16:00-17:00 VARMÁ SALUR 3 1/3 | | |
| **8. flokkur** KK | 18:00-19:15 LÁGAFELL | 18:00-19:00 LÁGAFELL | | STYRKUR | 17:00-18:00 LÁGAFELL | 12:30-13:30 LÁGAFELL | |
| **9. flokkur** KK | 19:15-20:30 LÁGAFELL | | 17:00-18:00 LÁGAFELL | STYRKUR | 18:00-19.30 LÁGAFELL | | 09.30-11:30 VARMÁ SALUR 3 |
| **10.-11. flokkur** KK | | 19:00-20:30 LÁGAFELL | 19.00-20.30 LÁGAFELL | STYRKUR | 14:30-16:00 VARMÁ SALUR 3 | 14:00-17.00 VARMÁ SALUR 3 | 11:30-14:00 VARMÁ SALUR 3 |

# KARATE

| FLOKKUR/ALDUR | MÁNUDAGAR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|
| **Byrjendur yngri** | 17:15-18:00 | | 17:15-18:00 | | |
| **Byrjendur eldri** | 18:00-18:45 | | 18:00-18:45 | | |
| **Framhald yngri** | | 17:00-17:45 | | 17:00-17:45 | 17:00-17:45 |
| **Framhald eldri** | | 17:45-18:45 | | 17:45-18:45 | 17:45-18:45 |
| **Unglingar** | | 18:45-19:45 | | 18:45-19:45 | 18:45-19:45 |
| **Fullorðnir** | | 19:45-20:45 | | 19:45-20:45 | 19:45-20:45 |

# TAEKWONDO

**Í BARDAGASAL AFTURELDINGAR ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI AÐ VARMÁ**

Hentar vel fyrir allan aldur

Instagram
umfa_taekwondo





Agi

Sjálfsvörn

Sjálfstraust

Þrek

Liðleiki

Samhæfing

Góður félagsskapur

Frábærir þjálfarar



**KRÍLATÍMAR FYRIR 3-5 ÁRA**

**FRÍTT AÐ PRÓFA Í 2 VIKUR**

**ALLIR VELKOMNIR!!!!!**

Allar upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu aftureldingar
https://afturelding.is/taekwondo/




# GÆÐABAKSTURSMÓTIÐ Í KNATTSPYRNU

## verður haldið á Tungubökkum Mosfellsbæ 31. ágúst - 1. september 2024

Spilað verður með hefðbundu hraðmótsfyrirkomulagi í 6. og 7. flokki stráka og stelpna.
Gæðabakstur er styrktaraðili mótsins og gefur öllum börnum glaðing í mótslok.
Ljúffengar veitingar verða seldar á mótssvæðinu.

## Við hlökkum til að sjá þig!

UMFA

Skráning er rafræn inn á
Facebook-síðu mótsins: **facebook.com/tungubakkamotid**
Netfang mótsins er: **mot@afturelding.is**



# Með sól í hjarta ...

Eftir langa átta ára bið vorum við Mosverjar loksins mætt ásamt 2.500 öðrum skátum á Úlfljótsvatn til að taka þátt í Landsmóti skáta. Það er erfitt að útskýra fyrir þeim sem ekki hafa farið á Landsmót hvað það er, því þetta er svo miklu meira en bara venjuleg útilega.

Á landsmóti ríkir alveg sérstök orka, eins konar ævintýraljómi yfir öllu og alvöru samheldni. Ef þið hugsið eins og ég sjáið þið núna fyrir ykkur fallegan sumardag þar sem öll ævintýri dagsins eru fram undan. Það var samt ekki alveg þannig sem þetta mót byrjaði en við þurftum að mæta í regngöllunum okkar en ævintýrin vantaði þó alls ekki.

Skátarnir fengu að takast á við alls konar áskoranir og þrautir og að sjálfsögðu var gingang gúllí gúllí tekið þónokkrum sinnum. Tjaldbúðir voru reistar og á landsmótum er mikill metnaður lagður í það að hafa hæstu fánastöngina, en Rekkaskátarnir okkar tóku þátt í að reisa þá hæstu á mótinu í ár.

Þegar rigning hófst og fljótin fóru að myndast var ekki hver að hugsa um sig, nei allir fóru að hugsa um alla aðra fyrst. Vera viss um að Ameríkanarnir í tjaldbúðinni við hliðin á hafi skjól og kannski einhvern hita til að þurrka sér. Það voru nefnilega 1.500 erlendir skátar á mótinu hvaðanæva að úr heiminum og voru þeir misvel undirbúnir fyrir íslenskt veður sem var öfgakenndara en vanalega. En hvað gera skátar þegar það rignir og allt virðist blautt og ómögulegt? Jú þeir henda í froðupartý í hoppukastala með plötusnúð og allan pakkann.

Við Mosverjar vorum hátt í þrjátíu á mótinu og deildum við tjaldbúð með vinafélaginu okkar Faxa frá Vestmannaeyjum en þau voru ellefu. Í tjaldbúðinni var alltaf líf og fjör og að sjálfsögðu besti maturinn á öllu mótinu þökk sé afar duglegum foreldrum sem félagið er svo heppið að eiga að.

Á kynningardaginn, skemmtilegasta degi



mótsins, þar sem allir kynna hvaðan þeir koma vorum við Mosverjarnir að sjálfsögðu með kjúkling frá Ísfugli en þeir veittu okkur góðan styrk. Kjúklingsins fékk fólk svo að njóta með sósunum frá Kjarna. Þetta sló algjörlega í gegn hjá þeim sem smökkuðu og vorum við afar ánægð með daginn.

Þótt skátaheitið hafi breyst aðeins í gegnum tíðina þá er loforðið sem maður gefur sjálfum sér alltaf það sama. Persónulega áskorunin um að gera sitt besta. Hvort sem það er gagnvart sjálfum sér eða öðrum og það gerðu skátarnir okkar svo sannarlega.

Það stóðu sig allir framar vonum og alveg sama á hverju gekk tókum við því bara með bros á vör og héldum áfram því það var jú svo ótrúlega gaman! Eftir vikuna fóru allir heim útkeyrðir, en glaðir, enda ekki annað hægt eftir svona viku. Nú byrjum við bara að telja niður í næsta Landsmót sem haldið verður 2026 að Hömrum á Akureyri.

*Með skátakveðju,*
*Bengta Kristín Methúsalemsdóttir - Fararstjóri*
























## Strúktúr er með lausnina fyrir húsið

Allt sem við hugsum, allt sem við gerum, snýst um þig okkar viðskiptavin













Við erum alltaf klár í spjallið

**Hafðu samband við okkur**

STRÚKTÚR

Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is | Bæjaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640

# Sundlauga kvöld

## LÁGAFELLSLAUG

FIMMTUDAGINN 29. ÁGÚST 2024

**FRÍTT Í SUND FRÁ KL. 17:00 - 22:00**

---

## Dagskrá:

**17:00 - 21:00 DJ Baldur**

**18:00 - 18:30 Latibær**

**18:00 - 20:00 Blaðrarinn**

**18:30 Zumba**

Pylsa og safi

400 kr.

ís í boði

emmessís

Á leiðinni heim





aqua ZUMBA



## WIPEOUT BRAUTIN

**OPIN**
**FYRIR YNGRI KRAKKA**
**17:00 - 18:00**

**OPIN**
**FYRIR ELDRI KRAKKA**
**18:00 - 21:00**





# Fótbolti fyrir alla

Afturelding í samstarfi við Mosfellsbæ byrjaði með æfingar í vor fyrir einstaklinga með fatlanir og sérþarfir sem mun bera heitið „Fótbolti fyrir alla". Það er okkur sönn ánægja að tilkynna að verkefnið heldur áfram inn í haustið.

Verkefnið snýst um að kynna fótbolta fyrir einstaklingum með fatlanir og sérþarfir óháð kyni, getu og aldri.

Boðið verður uppá skemmtilegar þrautir og leiki sem henta öllum.

## Allir velkomnir!

Æfingar fara fram tvisvar í viku:
Miðvikudaga kl. 13:15-14:15 og sunnudaga kl. 11:00- 12:00.

Skráning fer fram í gegnum Sportabler.
Hafir þú áhuga á að taka þátt eða spurningar er hægt að senda póst á ffa@afturelding.is

UMFA
ÍSLANDI ALLT
11. APRÍL 1909

HEILSUEFLANDI samfélag
vellíðan fyrir alla

# Hraustir Mosfellingar hlupu 10 km og söfnuðu fyrir Alzheimersamtökin

Reykjavíkurmaraþonið fór fram laugardaginn 24. ágúst og var margt um manninn og veðrið ljómandi gott.

Héðan úr Mosfellsbæ fór stór hópur af fólki saman til þess að taka þátt í 10 kílómetra hlaupinu. Meðalaldurinn hjá fólkinu er um 75 ára. Þetta er fólk sem æfir reglulega með leikfimishópnum Heilsu og hug og líka Gleðisprengjunum. Núna í sumar voru flestir í útifjörinu og síðan eru þau búin að vera í fjarþjálfun hvað varðar gönguþjálfunina. Einnig hittumst við af og til og förum lengri göngur í fallega Mosfellsbænum okkar.

Þetta er í annað sinn sem við sem hópur förum í Reykjavíkurmaraþonið og látum gott af okkur leiða í leiðinni og fyrir valinu urðu Alzheimersamtökin. Hópurinn er búinn að safna 927 þúsund og stefnum við á að ná milljón.

Það er virkilega gefandi og gaman að þjálfa þetta kröftuga og hrausta fólk sem er alltaf til í að fara aðeins út fyrir þægindarammann, t.d. voru sumir að fara í sitt fyrsta hlaup og fá sinn fyrsta verðlaunapening í svona stórum viðburði.

Það sem stendur upp úr er öll gleðin, samveran og allir þessir litlu sigrar, eins og bara að geta meira í dag en í gær, læra að búa til áheitasíðu í tölvunni, setja inn mynd af sér og alls konar hlutir sem fylgja því að taka þátt í svona stórum viðburði og sýnir okkur sem yngri erum að það er aldrei of seint að byrja að hreyfa sig og það er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi.



*Heilsukveðja, Halla Karen og Berta*






# Seljadalur



Einn af fegurstu og sérstæðustu dölum innan marka Mosfellsbæjar er Seljadalur.

Þessi skjólsæli og vel gróni dalur er við vesturmörk Mosfellsheiðar, sunnan og austan við Grímannsfell sem er hæsta fjall Mosfellsbæjar. Fremur fátítt er að þar sé fólk á ferð utan hestafólk sem ríður elstu leiðina í átt til Þingvalla.

Þetta var leið þriggja konunga en Kristján IX fór þarna um 1874, Friðrik VIII 1907 og Kristján X 1921.

Jón á Reykjum segir svo í mjög fróðlegri lýsingu sinni af Seljadal sem birtist í Mosfellspóstinum 19.6.1981:

„Seljadalurinn er allur eða að mestu í eigu hreppsins, en er upphaflega úr jörðunum Þormóðsdal og Miðdal. Náttúrufegurð er mikil í dalnum enda skýlt úr öllum áttum nema ef til vill að norðaustan."

*Heimild: https://timarit.is/files/66988132*

Örnefnið Seljadalur vísar til að í honum hafi verið tvö sel, kannski fleiri. Í dag er einungis eitt þekkt, Nessel vestarlega í dalnum undir Grímannsfelli. Mun það fremur vera kennt við Gufunes en Nes á Seltjarnarnesi.

Má enn í dag sjá vel varðveittar rústirnar og hvernig húsaskipan var, mjög hefðbundin. Í næsta nágrenni rennur lækur en aðgengi að góðu vatni var ein af mikilvægustu forsendum seljabúskaparins enda hreinlæti mjög mikilvægt.

En hvar var hitt selið?

Viðeyjarklaustur var auðugasta klaustur á Íslandi á miðöldum. Til þess var stofnað af helstu höfðingjum landsins, sjálfum Snorra Sturlusyni og Þorvaldi Gissurarsyni, föður Gissurar jarls. Klaustrið var vígt 1226 af Magnúsi biskup í Skálholti, bróður Þorvaldar. Lagði hann til klaustursins biskupstíund (osttolla) milli Botnsár í Hvalfirði og Hafnarfjarðar. Auk þess átti það reka víða um Reykjanes. Klaustrið var rænt tvívegis; 1539 og 1550.

Magnús Guðmundarson sem var prestur á Þingvelli gaf Viðeyjarklaustri selför í Þormóðsdal hinum efri segir í máldaga (eignaskrá) Viðeyjarklausturs frá 1234, heimild: Fornbréfasafn Íslands, fyrsta bindi bls. 507. Nafnið bendir til að örnefnið Seljadalur kemur síðar við sögu eftir að selin hafa verið tvö. Seljadalur er mjög grösugur og skjólsæll og Seljalandsbrúnirnar veita búsmala gott aðhald.

Landbúnaðarsamfélagið fyrrum byggðist á því að unnt væri að hafa seljabúskap yfir hásumarið þannig að afla mætti nægra heyja af heimatúnum og koma búfénu frá. Þannig hefur klausturfólk átt gott samstarf við Gufunesinga við að koma búsmalanum stystu leið upp með Úlfarsá og upp í Seljadal. Þessi leið hefur þann ótvíræða kost að vera fremur stutt og greiðfær enda engar erfiðar torfærur á leiðinni.

Með siðaskiptunum verða gríðarlegar breytingar á búskaparháttum landsmanna. Danski kóngurinn leggur undir sig allar eignir klaustra, kirkna og biskupsstóla og er á einu ári orðinn eigandi 20% allra jarða á Íslandi.

Fyrrum voru jarðirnar leigðar með þeim skilmálum að leiguliðar afhentu klaustrinu tiltekinn hluta af afurðum jarðarinnar, oft 5-10%. Eftir siðaskipti voru þær leigðar með öðrum skilmálum sem einkum var falið í vinnuframlagi í þágu Bessastaðavaldsins. Margir leiguliðar urðu að sjá um að senda vinnumenn sína í verið til að róa á kóngsbátunum og til veiða í Elliðaánum, en fyrirferðarmesta kvöðin hefur verið að vinna viðarkol í Þingvallaskógi og afhenda tiltekið magn á Bessastaði á tilteknum tíma. Þetta hefur væntanlega verið ein þyngsta kvöðin enda verða viðarkol ekki unnin um hásumarið þegar mest er um að vera í heyönnum.

Allt þetta breytti öllum búskaparháttum meira og minna. Nautgriparækt dregst verulega saman, enda þörfin fyrir framleiðslu á mjólk og mjólkurafurðum minni, en sauðfjárbúskapur eykst að sama skapi. Unnt var að sleppa sauðfé í haga eftir sauðburð og ekki þurfti eins mikla fyrirhöfn við að mjólka kýr og sinna tímafrekum bústörfum.

Mér þykir mjög líklegt að Viðeyjarsel hafi verið þar sem nú er Kambsrétt. Hún var skilarétt Mosfellinga og nærsveitarmanna væntanlega fljótlega upp úr siðaskiptum og fram yfir miðja 19. öld. Þá var Árnakróksrétt austan Selvatns tekin í notkun, mjög stór og stæðileg.

Umhverfi hennar er votlendi og þótti auk þess vera nokkuð úr leið einkum fyrir þá Mosfellinga sem í Mosfellsdal bjuggu. Varð það til þess að Hafravatnsrétt var tekin í notkun 1901 og er líklega einna frægust rétta í Mosfellsbæ.

Sögufélag Kjalarnesþings fyrirhugar gönguferð um Seljadal laugardaginn 7. september næstkomandi ef veður leyfir.

*Guðjón Jensson*

# Í TÚNINU HEIMA

Blys

Aron Can





Brekku-söngur



Úti-markaður



VÆB

Í túninu heima

# Ullarpartý í Álafosskvos á föstudaginn

## 30. ágúst kl. 21

Íbúar safnast saman á Miðbæjartorgi kl. 20:15 fyrir skrúðgöngu • Dagskrá í miðopnu blaðsins og á www.mos.is


Mosfellsbær
ISBAND
VGH Mosfellsbæ
nettó
KFC
ÍSTAK
B.Ó. SMIÐIR

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

REYNSLA – ÁRÆÐNI – VANDVIRKNI – KRAFTUR – ÞOR – ENDING
örugg og vönduð vinnubrögð
SteinTeppi.is
Gólfefna lausnir fyrir heimili og fyrirtæki
Leirvogstunga 27, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600

AFLTAK EHF.
S: 660 0770 - www.afltak.is

FÓTAAÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR
Þverholti 3 - Sími: 566-6612

B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690
www.bmarkan.is

BÍLAVIÐGERÐIR
BÍLHÚSIÐ
www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

FHS
Hjálmar Guðmundsson
Löggildur húsasmíðameistari
s:6959922
fhsverk@gmail.com

# Að eiga bakland til að sækja börnin á leikskólann



Nú er leikskólatími barna í Mosfellsbæ á föstudögum til kl. 14:00 nema fyrir **þau sem nauðsynlega þurfa lengri vistunartíma, vinnu sinnar vegna**. Þá er hægt að sækja sérstaklega um með átta daga fyrirvara að ná í börnin klukkan 16:00. Þetta hefur leitt til óánægju og óvæntra áskorana fyrir margar fjölskyldur.

**Jafnréttisskekkja í barnvænu sveitarfélagi?**

Óformleg könnun sýnir að konur sjá oftast um að sækja börnin fyrr á leikskóla. Launamunur kynjanna gerir það að verkum að konur taka frekar á sig þessa ábyrgð með tilheyrandi áhrifum á þeirra starfsframa.

Þetta fyrirkomulag setur óþarfa pressu á mæður, sem eru þegar undir miklu álagi í að samræma vinnu og fjölskyldulíf. Þá má benda á að Mosfellsbær er staðsettur á jaðri höfuðborgarsvæðisins og langflestir sækja vinnu utan bæjarfélagsins.

Stytting leikskóla hefur því ekki aðeins áhrif á daglegt líf fjölskyldna heldur ýtir einnig undir ójafnrétti kynjanna, þar sem konur þurfa nú enn frekar að velja á milli vinnu og fjölskyldulífs. Væri það ekki eðlilegra að Mosfellsbær myndi styðja við fjölskyldur í stað þess að skapa ný vandamál?

**Óskýr grein og hentugar niðurstöður formanns fræðslunefndar**

Formaður fræðslunefndar fullyrti að 70% foreldra þurfi ekki lengri vistunartíma en til kl. 14:00. Þetta kemur á óvart þar sem ótal margir foreldrar í kringum mig hafa lýst yfir erfiðleikum við að sækja börnin svona snemma. Þessi fullyrðing virðist ekki endurspegla raunveruleikann sem margir foreldrar upplifa, þar sem þau hafa leitað til ömmu og afa, tekið vinnuna með sér heim eða jafnvel unnið á laugardögum til að mæta kröfunni. Einhverjir héldu því fram að með því að „framlengja“ vistunartímann til kl. 16:00 á föstudögum færu þessir tveir tímar af þeim átta skráningardögum sem foreldrar hafa til umráða. Ég leyfi mér líka að opna á það hvaða áhrif þetta getur haft á börnin sem eiga erfitt með breytingar og þurfa skýran ramma.

Steininn tók svo úr þegar móðir í fæðingarorlofi var spurð hvers vegna hún þyrfti að sækja barnið sitt kl. 16:00 ef hún væri hvort eð er bara heima. Þarna birtist sú undarlega afstaða að lengd vistunar á leikskóla eigi að ráðast af vinnu foreldra en ekki þörfum fjölskyldunnar. Þá hefur orðalag leikskólastjóra verið undarlegt og jafnvel ýtt undir samviskubit hjá foreldrum. Orðalagið „en þetta er eftir sem áður eingöngu fyrir þá sem hafa enga aðra kosti en að skrá barn í lengri viðveru“ gefur í skyn að þegar öllu er á botninn hvolft, þurfi enginn á þessari framlengingu að halda nema viðkomandi sé að vinna á bráðamóttöku Landspítalans. Þetta verður að þykja ósanngjarnt þar sem atvinnulífið og einkarekstur hafa ekki öll innleitt styttingu vinnuvikunnar. Ég tel einnig að foreldrar væru til í að nýta baklandið sitt í eitthvað annað en að dekka föstudaga og fá frekar pössun þegar eitthvað sérstakt tilefni gefst eða þegar virkilega er þörf á.

Ef þetta er spurning um styttingu vinnuvikunnar vil ég ítreka að styttingin þarf að taka tillit til starfsemi stofnunarinnar, má ekki hafa aukinn kostnað í för með sér og ekki skerða þjónustu. Þá má geta þess að þeir sem eru með styttingu vinnuvikunnar í sínum kjarasamningum eru ekki alltaf með styttingu á föstudögum, heldur getur það einnig verið breytilegt.

**Lausnir og framtíðarhorfur**

Lausnin gæti verið einföld. Þeir sem ekki þurfa lengri vistun skrái börnin sín þannig yfir önnina. Við hin, sem þurfum að skila af okkur fullum vinnudegi, fáum að klára vinnuna en ekki anda í bréfpoka á leiðinni upp Ártúnsbrekkuna korteri eftir hádegismat að reyna finna út hvenær við vinnum þessa tíma upp. Með þessu móti er tekið tillit til allra foreldra, óháð vinnuaðstæðum og jafnrétti innan sveitarfélagsins þannig tryggt.

Ef Mosfellsbær vill kalla sig barnvænt sveitarfélag þarf að hugsa um heildarmyndina og ekki aðeins velja lausnir sem henta fræðsluyfirvöldum og leikskólastjórnendum. Foreldrar eru mikilvægur hlekkur í þessari ákvarðanatöku og það er ekki bara sanngjarnt heldur einnig nauðsynlegt að þeir séu hafðir með í ráðum þegar breytingar á þjónustu barna þeirra eiga sér stað.

Það má líka benda á, að þau sem sitja í bæjarráði, eiga ekki börn á leikskólaaldri og þurfa því ekki að aðlaga sig og sína fjölskyldu að þessari skerðingu.

*Gudfinna Birta Valgeirsdottir*

Samvera er besta forvörnin

Fjölskyldan saman
Í túninu heima

**Munum:** Börn og áfengi eiga aldrei saman

SAMMOS
SAMTÖK FORELDRAFÉLAGA GRUNNSKÓLA MOSFELLSBÆJAR




ÖLL ALMENN MÚRVINNA

• Múr- og sprunguviðgerðir •
• Steypuslípun •
• Inndælingar •
• Filtering/Pússun •
• Flotun •
• Hleðslur •
• Flísalagnir •

ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA, HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI

HÚSRÁÐ VERKTAKAR

781 7777

husrad@husradverktakar.is

Í TÚNINU HEIMA BALL

28.08

HLÉGARÐUR | 8.-10. BEKKUR | 21:00-23:00

DJ. BJARNI K

HERRA HNETUSMJÖR

2000kr

Bólið

## HEILSUMOLAR GAUA



### ÍÞRÓTTAHÁTÍÐIN

Et, drekk og ver glaðr, segir í Hávamálum og sömuleiðis, Sjaldan liggjandi úlfur lær um getur né sofandi maður sigur. Bæjarhátíð Mosfellsbæjar snýst um þetta. Hreyfingu, næringu og gleði. Það er heldur betur margt í gangi í Mosfellsbænum á bæjarhátíðinni þegar kemur að hreyfingu og hreysti. Hundahlaupið er mætt í bæinn, Ævar Mosverji leiðir göngu á Reykjaborg, fjallahjólakeppnin Fellahringurinn er á sínum stað, nýja hjólabrautin og nýuppfærði frisbígolfvöllurinn í Ævintýragarðinum verða formlega vígð, meistaraflokkar Aftureldingar í knattspyrnu spila bæði heimaleiki í Lengjudeildinni, það verður frítt í sund í nýuppgerðri Varmárlaug, Afturelding og Gæðabakstur halda stórt mót fyrir 6. og 7. flokk karla og kvenna á Tungubökkum, Tindahlaupið fagnar 15 ára afmæli og fyrsti opni fjölskyldutími vetrarins verður um helgina – svo nokkur dæmi séu nefnd. En það er margt fleira í gangi í íþrótta- og útivistarbænum og það er ýmislegt í gangi sem ekki allir vita af. Það er til dæmis komið borðtennisfélag í bæinn, bardagaíþróttaflóran stækkar og UMFA mun senda meistaraflokkslið karla til leiks í körfubolta.

Ég er búinn að gefa það út að ég ætla, í góðum félagsskap, að prófa æfingu eða tvær hjá öllum þeim sem bjóða upp á skipulagðar æfingar í Mosfellsbæ. Sé fyrir mér að vera eina viku á hverjum stað, kynnast íþróttinni og þeim sem leiða hana og kynna svo í framhaldinu fyrir öðrum bæjarbúum. Ég tek fagnandi á móti upplýsingum og tillögum um íþróttir á gudjons@mos.is.

Knattspyrnutímabilið er að klárast. Kvennalið UMFA er í uppbyggingarfasa og verður áfram í Lengjudeildinni að ári. Karlalið UMFA er þegar örfáar umferðir eru eftir í baráttu um að komast í úrslitakeppni um sæti í Bestu deildinni. Hvíti riddarinn er að berjast fyrir að halda sér í 3. deild og Álafoss átti frábært tímabil í 5. deild og var hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppni þar.

Hreyfi- og hreystikveðjur!



**Guðjón Svansson**
gudjon@kettlebells.is






## Stöðuuppfærslur
## in your face



**Þorbjörg Sólbjartsdóttir**
Íbúi í Mosfellsbæ í 20 ár :) Þetta kallar að sjálfsögðu á „status“
*21. ágúst*



**Magnús Már Einarsson**
Árið 2010 keypti pabbi (Einar Þór Magnússon) rútu sem er árgerð 1984. Hann hefur frá þeim tíma keyrt meistaraflokk Aftureldingar og fleiri lið í útileiki út um allt land. Samtals er hann búinn að keyra fleiri tugi þúsund kílómetra á rútunni. Ennþá meiri tími hefur þó farið í viðhald og viðgerðir enda rútan 40 ára í dag! Að halda rútunni á lífi og keyra út um allt land ár eftir ár sýnir ótrúlega þrautseigju og dugnað. Það verður seint þakkað að fullu :)
*24. ágúst*



**Guðrún Erna Hafsteinsdóttir**
Jæja þá er komið að þessu að elsta mín er bara flutt af heiman með Þorsteini Leó sínum <3 þessar elskur á leið til Portó <3 ég lofaði að gráta ekki þegar ég myndi kveðja svo ég varð að kveðja þau mjög hratt <3 gleymdi því að taka mynd af þeim með búslóðina út á flugvelli :)
*9. júlí*



**Ragnheiður Ríkharðsdóttir**
Erna Sóley var fánaberi Íslands á lokahátíð Olympíuleikanna - Það verður gaman að fylgjast með þessari flottu ungu íþróttakonu á næstu árum :)
*11. ágúst*



**Bjarni Bjarkason**
Í dag kláraði ég mitt fyrsta maraþon, sem ég hljóp í minningu Jóns (Lilla) góðs vinar sem lést þann 2. ágúst. Það er vel við hæfi að hlaupið hafi verið í dag, því í dag fagna ég einnig 14 ára edrúmennsku. Markmiðið mitt var að hlaupa maraþonið undir 4 klst sem gekk upp því ég lauk hlaupi á tímanum 03:56:55. [...]
*24. ágúst*

facebook


## ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA — VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~
BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR
Flugumýri 2 - Sími 566-6216

LJÁRDALUR
WWW.LJARDALUR.IS

MG LÖGMENN
Erfðaskrár - Kaupmálar - Skipti dánarbúa
Skilnaðarsamningar - Slysamál
Gallar í fasteignum
Persónuleg þjónusta
Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

GIRÐIR
ÖRYGGISGIRÐINGAR - VERKTAKA - JARÐVEGSSKRÚFUR
BUGÐUFLJÓT 15J - 270 MOSFELLSBÆR
SÍMI 546-6667 - GIRDIR@GIRDIR.IS
WWW.GIRDIR.IS

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu
Útvega allt jarðefni
VÖRUBÍLL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



GARÐMENN
...gerum garðinn frægan!
Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.
Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.
Sími 893 5788



OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA
Lágafellslaug
Virkir dagar: 6:30 - 22:00
Helgar: 08:00 - 19:00
Varmárlaug
Virkir dagar: 6:30-08:00 og 15:00-21.30
Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



GLERTÆKNI ehf
Völuteigi 21
- gler í alla glugga -
S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

MALBIKSTÖÐIN

Útfararstofa Íslands
www.utforin.is • Mosfellsbæ



Sverrir Einarsson S: 896 8242
Jóhanna Eiríksdóttir
Jón G. Bjarnason S: 793 4455
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Frí Tjónaskoðun
SJÓVÁ · TM · VÍS · Vörður
★ GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI ★
Auðbrekku 27, Kópavogi
www.bilasprautun.is
554 2510

VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI SÍÐAN 1968
896-9443 896-2279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF

## HEYRST HEFUR...

...að Rúmfatalagerinn sé að undirbúa komu sína inn fyrir bæjarmörkin, á Korputún í landi Blikastaða.

...að knattspyrnudeildin sé að fara að ráða nýjan yfirþjálfara í staðinn fyrir Bjarka Má.

...að hjólabrautin í Ævintýragarðinum verði vígð á bæjarhátíðinni og hljóti nafnið Flækjan.

...að til standi að opna pólska búð í Kjarnanum.

...að engin flugeldasýning verði eftir tónleikana á torginu á laugardaginn.

...að árlega Pallaballið Í túninu heima fari nú fram í Hlégarði.

...að Jóhanna Ýr, bæjarfulltrúi í Hveragerði, sé nýr framkvæmdastjóri Lágafellssóknar.

...að Geiri í Kjötbúðinni hafi farið holu í höggi í Grafarholti á dögunum.

...að sveitamarkaður verði haldinn í Álafosskvos á sunnudaginn þar sem bændur selji beint frá býli.

...að Afturelding sé að undirbúa hópferð á tónleika Kaleo í Lissabon í byrjun nóvember.

...að verið sé að setja upp sjálfvirka veðurstöð á Blikastaðanesi.

...að hestar hafi sloppið lausir á Hlíðavöll í sumar sem hafi sloppið furðuvel.

...að Sveinbjörn í Silkiprent hafi orðið áttræður um helgina.

...að mosfellski markvörðurinn Cecilía Rán muni leika fyrir Inter Milan á næstu leiktíð á láni frá Bayern.

...að Arnór pípari eigi afmæli í dag

...að það sé búið að endurnýja frisbígolfvöllinn í Ævintýragarðinum.

...að Kalli Tomm hafi orðið sextugur á dögunum.

...að skólamáltíðir séu nú fríar í öllum grunnskólum.

...að Dagný Kristinsdóttir bæjarfulltrúi í Mosó sé nýr skólastjóri Víðistaðaskóla í Hafnarfirði.

...að sérsveitin hafi setið um hús í Flugumýri í þrjár klukkustundir í byrjun ágúst.

...að Svava Björk sé að mæta aftur til starfa á Sprey.

...að Jöklu-Pétur hafi farið holu í höggi í sumar og skálað vel og lengi.

...að Valtýr bakari, Viktor Gauti í Deloitte og fleiri góðir séu skráðir í fullorðinsglímuna hjá GFR sem byrjar mánudaginn 9. sept að Varmá.

...að Afturelding hafi unnið topplið ÍBV í Lengjudeildinni og spili næst gegn Njarðvík á föstudeginum Í túninu heima.

...að Tóta leikskólastjóri á Reykjakoti hafi safnað vel yfir 330 þúsund krónum fyrir Stuðningssveit Edvins í Reykjavíkurmaraþoninu.

...að fyrsti leikur í Olís-deildinni fari fram 5. september.

mosfellingur@mosfellingur.is

## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



**Adrían Birnir Stefánsson fæddist á Akranesi þann 20. júní 2024. Hann vó 4.056 gr og var 51cm. Foreldrar eru Stefán Guðberg Sigurjónsson og Brynja Ýr Baugsdóttir. Systkini eru Patrekur Breki og Daníel Berg.**


JAKO
SPORT ÍSLANDI

AFTURELDINGAR-VÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR
Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is


# Í eldhúsinu

HJÁ ELÍSU HÖRN

## Karríkjúklingur

Elísa Hörn Ásgeirsdóttir deilir að þessu sinni með okkur uppskrift að gómsætum og vinsælum karríkjúklingarétti, sem verður aldrei afgangur af.



**Hráefni:**

- 1 pk úrbeinuð kjúklingalæri / bringur (skorið í bita)
- 20 g smjör
- salt og pipar
- 3-4 stk. hvítlauksgeirar
- 3 msk karrí
- 1/2 tsk cumin
- 1/2 tsk cayenne pipar
- 1 stk. kjúklingateningur
- 1 msk sojasósa
- 1 1/2 dl matreiðslurjómi
- 400 ml kókosmjólk
- 4 stk. gulrætur
- Blómkál
- Brokkólí
- Kóríander (eða bara það grænmeti sem til er í skúffunni)

**Aðferð:**

Bræðið smjör á pönnu, skerið kjúklinginn í bita og kryddið með salti og pipar. Steikið á hvorri hlið fyrir sig í rúmar 3 mínútur, eða þar til kjúklingurinn er orðinn brúnaður. Setjið kjúklinginn í eldfast mót og gerið sósuna. Saxið niður hvítlauk og steikið þar til hann fer að ilma. Blandið restinni af kryddinu saman við ásamt sojasósu og kjúklingakrafti. Blandið matreiðslurjóma og kókosmjólk saman við og hrærið þar til allt hefur blandast vel saman. Kryddið eftir þörfum. Hellið sósunni yfir kjúklinginn. Saxið niður gulrætur, blómkál og brokkolí og setjið saman við sósuna. Hér er hægt að setja það grænmeti sem hver og einn vill saman við. Saxið niður kóríander og stráið yfir. Eldið í rúmlega 25 mínútur við 200°C, eða þar til kjúklingurinn er fulleldaður. Berið fram með hrísgrjónum og t.d. naanbrauði.

*Verði ykkur að góðu!*

**Elísa Hörn skorar á Thelmu Lind Reynisdóttur að deila með okkur næstu uppskrift í Mosfellingi**

# ERUM VIÐ Í BEINNI?

**Þriðja árið í röð mun Útvarp Mosfellsbær hljóma í tækjum Mosfellinga yfir bæjarhátíðina Í túninu heima.**

**Þegar við Tanja Rasmussen gröfum upp segulbandsspólur og myndir frá útvarpssendingu mosfellsku ungmennanna árið 1987 höfðum við ekki hugmynd um að við yrðum enn að halda lífi í stöðinni tveimur árum seinna. Viðtökurnar hafa verið frábærar og greinilegt að íbúar eru ánægðir með það að geta hlýtt á útvarp sem er sérstaklega gert í tilefni hátíðarinnar.**

**Við höfum fengið til okkar frábæra gesti í gegnum tíðina, allt frá Páli Óskari og Röggu Gísla yfir í Listapúkann og björgunarsveitarfólk Kyndils. Markmið okkar með útsendingunni er að kynna dagskrá hátíðarinnar og fá til okkar fólkið sem heldur henni uppi en það er að mestu leyti bæjarbúarnir sjálfir sem opna heimili sín fyrir gestum og skipuleggja hina ýmsu viðburði. Svo höldum við auðvitað líka uppi stemningunni með ljúfum tónum og gjafaleiknum okkar sem hægt er að taka þátt í á Instagram-síðu útvarpsins.**

**Að þessu sinni munum við senda út frá Hlégarði sem hefur orðið hjarta menningarlífs í Mosfellsbæ undanfarin misseri. Í ár munu ýmsir viðburðir standa fólki til boða í Hlégarði yfir hátíðina og má þar nefna tónleika Ladda og hljómsveitar mannanna á fimmtudeginum, mosfellska nostalgíuveislu á föstudeginum og hið árlega Pallaball á laugardeginum sem færist úr íþróttahúsinu. Það er aldrei að vita nema að við fáum eitthvað af þessum snillingum til okkar í spjall.**

**Við vonumst til þess að sem flest stilli inn á Útvarp Mosfellsbæ á FM 106.5 eða í Spilaranum. Hægt er að fylgja okkur á Facebook: Útvarp Mosfellsbær og Instagram: @utvarpmoso en þar verður dagskráin kynnt, dregið út úr gjafaleiknum og að sjálfsögðu hægt að hafa samband við okkur með kveðjur og óskalög. Við viljum endilega að bæjarbúir taki virkan þátt enda er útvarpið okkar allra.**

**Heyrumst!**



ÁSTRÓS HIND




MOSFELLSBAKARI.IS
HÁHOLT 13-15
HÁALEITISBRAUT 58-60
MOSFELLSBAKARÍ

# SMÁ AUGLÝSINGAR

**Íbúð óskast til leigu**
Óska eftir íbúð í langtímaleigu í Mosfellsbæ og/eða nágrenni.
Upplýsingar í síma 852-7772 og/eða thorduramundason991@gmail.com.

**Smáauglýsingarnar eru fríar fyrir einstaklinga**
*mosfellingur@mosfellingur.is*

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is




Mikið úrval
Verð við allra hæfi

## SKEMMTANIR



**Hljómsveitin ÚLTRA**
**Hljómsveit: A. Kröyer/dúett**
Tek að mér að spila í einkasamkvæmum, brúðkaupum, árshátíðum, afmælum og fl.
Er með hljómborð sem virkar eins og hljómsveit.
Get líka verið með fjöldasöng og nota þá kassagítar.
Eins er ég með dinnertónlist.
Söngkona Ann Andreasen.
Verð við allra hæfi.
**Anton – antonben@simnet.is gitarinn@gitarinn.is Símar: 895 9376 - 552 2125**




**NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT**
**19. SEPT.**
*Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.*
Skilafrestur efnis/auglýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.
mosfellingur@mosfellingur.is

# ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA — VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

www.arioddsson.is
**ARI ODDSSON EHF**
BYGGINGAVERKTAKI
*MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA*
*FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI*
Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

**Hreinsun á leiðum ehf.**
Veitum alhliðaþjónustu á legsteinum og leiðum í kirkjugörðum. Hreinsun, rétta við og hækka legsteina og ramma, snyrting, sumarblóm og hvað annað sem þörf er á.
***Sími: 862-1311***
*hreinsunaleidum@gmail.com*
*Facebook: Hreinsun á leiðum.*

Sjúkraþjálfun & Sjúkranudd
**HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR**
Urðarholt 4 Mosfellsbær — Sími 578 5080



***BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM***
TIMBURGRINDARHÚS
KROSSLÍMDAR EININGAR
SVALALOKANIR
GLUGGAR OG HURÐIR
**EININGAR EHF**
WWW.EININGAR.IS
Sími: 565 1560 einingar@einingar.is

**Bílapartar ehf**
Notaðir **TOYOTA** varahlutir
Sími: 587 7659
Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

**GÓÐIR MENN** EHF
Rafverktakar
GSM: 820-5900




- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

*Löggiltur rafverktaki*

**BERG** FASTEIGNASALA
**VILTU SELJA?**
588 55 30
WWW.BERG.IS

**Öll almenn vörubíla- og kranaþjónusta**
- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttuþjónusta og fl.



**BJ VERK** ehf.
*Björn s: 892-3042*

**Ökukennsla HREIÐARS**
8201616
ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

**BílaGlerið**
Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510
Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla
Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSING Í MOSFELLINGI**
**KR. 7.000 + vsk.***
nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm
*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is

**MALBIKSTÖÐIN**

# SPURNING TIL BÆJARBÚA

**Hvað hlakkar þú mest til í túninu heima?**



**EYÞÓR:** Að fara í sápuboltann og tívolí.



**HELGA DÖGG:** Að fara á tónleikana með Ladda, Magna og co í Hlégarði.



**JÓNDI:** Að spila á Kjúllanum.



**KRISTÍN MARÍA:** Að geta verið með hundinum mínum án flugeldabomba.



**HRAFNHILDUR:** Að syngja með Stöllunum mínum.



**BALLI:** Það er brekkusöngurinn í Kvosinni.

# HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Malmö meistararnir 2024



Með stjórn á hlutunum



Gæslan klár



Heimsliðið



Elvari afmæliskappa fagnað



Followers á malbikinu



Gengin í það heilaga



Ég tarf ekki sjúss



GM konur á kjóla- og hattamóti




Pabbi og mamma Sprite



Mæðgur í stórafmæli



Sessa sextug



Mosó, sumir kalla hann Grímsbæ



10 ára brúðhjónin





Básúnað um allan bæ

LEYNIR



VORVERK-ÞEMA Í MOSÓ ÚTILEGU

## TVÍFARAR



Auður



Diljá

Sprey

@SPREYHARSTOFA

WWW.SPREY.IS

Við eigum 15 ára afmæli

15% Afsláttur

Sprey Mosó fagnar 15 ára afmæli og býður upp á 15% afslátt af öllum vörum og tækjum vikuna 26. ágúst - 30. ágúst




ALLT
FASTEIGNASALA

www.allt.is • allt@allt.is • 560-5505
Þverholt 2 • Mosfellsbær

# VIÐ ÓSKUM MOSFELLINGUM

REYKJALUNDUR
endurhæfing

Pílus
MOSFELLSBÆ

redder
byggingalausnir

NÝJA BÍLASMIÐJAN HF

ELEKTRUS
- Löggiltir rafverktakar
Sigurjón Hólm Magnússon
Sími 895 1580 - *sigurjon@elektrus.is*

VGH
Mosfellsbæ
VERKTAKI SÍÐAN 1968

Nærvera

MOSFELLSBAKARÍ

Hringdu

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Framsókn Mosfellsbæ

DÚOS

handbolti.is

MOSFELLINGUR
Frítt, frjálst og óháð bæjarblað
mosfellingur@mosfellingur.is

SLEGGJAN

PRO-STÁL
SÉRSMÍÐI, VÖNDUÐ & GÓÐ ÞJÓNUSTA
SMIÐJUVELLIR 3

Bæjarhátíðin Í túninu heima fer fram helgina 29. ágúst - 1. september 2024




GLEÐILEGRAR BÆJARHÁTÍÐAR
handbolti.is
ALEFLI EHF
BYGGINGAVERKTAKAR
RÉTTSKIL
Bókhaldsþjónusta
Sími: 562 7777 | 696 6714
MALBIKSTÖÐIN
B.Ó. SMIÐIR
KRAFT AFL
MÁLNINGAR VERKTAKI
Mosfellsbær
GRILLVAGNINN
Tilvalin þjónusta fyrir starfsmannaveisluna, ættarmótið eða stórafmælið
8983189
5666189
BRIMCO ehf
GÆÐAKERRUR - GÓÐ REYNSLA
Sími: 894 5111 - www.brimco.is
WÜRTH
ÁÓ
Á.ÓSKARSSON EHF.
RAFGLÓÐ
nonni litli
Þverholti 8 270 Mosfellsbæ
Sími 566 6614 Fax 566 6617
nonnilitli@nonnilitli.is www.nonnilitli.is
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN
ISBAND
AO
ATLANTSOLÍA
Gleðilega hátíð!
Mynd/Hilmar

Fasteignasala Mosfellsbæjar Sími: 586 8080 fastmos.is

# MOSFELLINGUR

WWW.MOSFELLINGUR.IS - MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

Hringdu




## DRULLUSKEMMTILEGT

*Yfir 1.000 þátttakendur tóku þátt í Drulluhlaupi að Varmá um miðjan ágúst. Þetta var í þriðja sinn sem viðburðinn er haldinn en hann er samstarfsverkefni Krónunnar, UMFÍ og Aftureldingar.*







**MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM**

*Þjónusta við Mosfellinga í 35 ár*



**Pétur Pétursson**
*löggiltur fasteignasali*
*897-0047*



**Brynjólfur Jónsson**
*löggiltur fasteignasali*
*898-9791*

**Háholt 14, 2. hæð**

**588 55 30**

BERG FASTEIGNASALA

**Skuggabakki**




Rúmlega 100 fm hesthús. Sér gerði og taðþró. Stíur fyrir 10 hesta. Góð og rúmgóð hlaða.
**Verð: 29 m.**

**Brekkutangi**



Vel staðsett endaraðhús, 254 fm á vinsælum stað. Mjög fjölskylduvænt tveggja hæða endaraðhús með aukaíbúð í kjallara. Fallegur garður og góða aðkoma að húsi. 4 svefnherbergi, tvö baðherbergi.
**Verð. 132 m.**

**Klapparhlíð**



Mjög falleg 89 fm íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli. Tvö svefnherbergi. Svalir í vestur. Fallegur sameiginlegur garður. Góðar innréttingar.
**V. 70,5 m.**

**Desjamýri**



42 fm húsnæði með mjög góða aðkomu. Góð vinduhurð og malbikað plan. Mikil lofthæð og mikið hillupláss. Aðgengi að þvottaaðstöðu og snyrtingu á svæðinu. Afgirt vöktuð lóð. Getur losnað fljótlega.
**Verð: 23,0 m.**

**OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9-17 • NETFANG: BERG@BERG.IS • WWW.BERG.IS • BERG FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1989**